


HÉRAÐSSAMBAND ÞINGEYINGA



ÁRSSKÝRSLA 2015

Stjórn Héraðssambands Þingeyinga 2015 - 2016

Formaður:	Anita Karin Guttesen
Varaformaður:	Hermann Aðalsteinsson
Ritari:	Ari Heiðmann Jósavinsson
Gjaldkeri:	Kolbrún Ívarsdóttir
Meðstjórnendur:	Stefán Jónasson Einar Ingi Hermannsson Ágústa Pálsdóttir
Varamenn í stjórn:	Arngeir Friðriksson Ólöf Þuríður Gunnarsdóttir Jóhannes Guðmundsson

Aðildarfélög Héraðssambands Þingeyinga 2015

Virk aðildarfélög:

- 1 Akstursíþróttafélag Mývatnssveitar
- 2 Golfklúbbur Húsavíkur
- 3 Golfklúbbur Mývatnssveitar
- 4 Golfklúbburinn Gljúfri
- 5 Golfklúbburinn Hvammur
- 6 Golfkúbburinn Lundur
- 7 Hestamannafélagið Feykir
- 8 Hestamannafélagið Grani
- 9 Hestamannafélagið Snæfaxi
- 10 Hestamannafélagið Þjálfi
- 11 Íþróttafélagið Magni
- 12 Íþróttafélagið Völsungur
- 13 Mývetningur íþróttá- og ungmennafélag
- 14 Skákfélagið Huginn
- 15 Skotfélag Húsavíkur
- 16 Ungmennafélagið Austri
- 17 Ungmennafélagið Bjarmi
- 18 Ungmennafélagið Efling
- 19 Ungmennafélagið Einingin
- 20 Ungmennafélagið Gaman og alvara
- 21 Ungmennafélagið Geisli
- 22 Ungmennafélag Langnesinga
- 23 Ungmennafélagið Leifur Heppni

Óvirk aðildarfélög:

- 1 Boltafélag Húsavíkur
- 2 Íþróttafélag Laugaskóla
- 3 Ungmennafélagið Afturelding
- 4 Ungmennafélag Bakkafjarðar
- 5 Ungmennafélag Reykhverfunga
- 6 Ungmennafélagið Snörtur
- 7 Ungmennafélag Tjörnesinga
- 8 Ungmennafélag Öxfirðinga

Skýrsla stjórnar HSP á ársþingi 2016

Kæru félagar

Velkomin á ársþing Héraðssambands Þingeyinga, sem að þessu sinni er haldið í Miðhvarfum á Húsavík, 13. Mars 2016.

Héraðssamband Þingeyinga – samband 23 virkra ungmenna- og íþróttafélaga í héraði – er með stærsta starfssvæði á landinu en þó með aðeins 1788 iökendur á svæði sem telur 18.871 km² og rúmlega 5000 íbúa. Af þessum tölum má draga ýmsar ályktanir, þar sem hið sanna Þingeyiska stolt fær notið sín. En við erum með afar hátt hlutfall iökenda miðað við höfðatölu, sem hlýtur að undirrstrika almennt og gott hreysti okkar og félagsanda. Við þurfum mörg að fara um langan veg til að stunda íþrótt okkar og uppfylla félagsþörf. Það krefst elju og skipulagningar fjölskyldu iökenda. Þannig við setjum ekki smámuni eins og vegalengdir og tímaþróng fyrir okkur í þeirri vegferð sem íþróttastarfíð setur okkur í. Þetta skiptir okkur öll, Héraðssambandið og félögin að sjálfsögðu miklu máli því án iökenda og þeirra sem standa að þessu öllu mættum við okkur lítis. Þannig við getum léttilega verið stolt af okkur, hversu vel gengur hjá okkur þrátt fyrir þann ramma sem við búum við og þær skorður sem hann setur okkur. Svo er það alltaf jafn ánægjulegt hvað við náum að virkja marga til starfa og hvað starfið er fjölbreytt og fyrir breiðan aldurshóp. En það er ekki síst mikilvægt fyrir okkur sem búum í fámennum byggðum, því við þurfum að virkja marga hlutfallslega til að starfið gangi upp. Sameiginleg markmið og hagsmunir tengja okkur saman og því þurfum við að halda á lofti, sérstaklega á þessum vettvangi þegar við hittumst og förum yfir liðið starfsár, hvað vel var gert og hvar má gera betur. En haldið áfram þessu góða og öfluga starfi sem þið sinnið því barna og unglingsstarf er ómetanleg forvörn. Við viljum nota tækifærið og óska Íþróttafélaginu Völsungi til hamingju með nafnbótina Fyrirmynndafélag ÍSÍ. Það er gríðarlega metnaðarfullt af hálfu félagsins að takast á við að standast allar þær skuldbindingar sem það krefst og er það vel og til fyrirmynnar fyrir önnur félög HSP. Einnig þökkum við Magna fyrir að styrkja og vekja athygli á verkefnið „Útmeða“ átaksverkefni gegn sjálfsvígum ungra karlmannna. Áður en lengra er haldið vil ég þakka styrktaraðilum HSP góðan stuðning á árinu. En það eru Narfastaðir, Dalakofinn, Framsýn, Samskip, KEA og Sparisjóður S-Þingeyinga.

Starf stjórnar HSP var með rólegra sniði síðasta ár eftir hið gríðarmikla starf í kringum aldarafmæli HSP og Landsmót 50+. Nú er áherslan á að sigla skipinu örugglega áfram inn í framtíðina, horfa inná við og skoða betur hvað sameinar okkur og gerir okkur að öflugri einingu. Nýr formaður var kjörinn á síðasta ári og er sú sem stendur hér. Vil ég nota tækifærið og þakka Jóhönnu Kristjánssdóttur enn og aftur fyrir hið öfluga starf sem hún stóð fyrir, fremst meðal jafningja, sem formaður HSP á árunum 2010-2015 og skilaði jafnframt mjög góðu búi sem léttir undir einsog gefur að skilja. Á árinu voru haldnir 12 stjórnarfundir auk nokkurra vinnufunda. Stjórnin sótti heim 9 félög á síðasta ári og kynnti sér starf þeirra, hver helstu verkefni og áskoranirnar eru. Rauði þráðurinn á þessum fundum er fámennið sem menn eru glíma við. Það er erfitt að ná í lið eða halda úti grein sem nógu margir vilja

æfa. Við hvetjum félög sem liggja nærrí hvert öðru að kanna samstarfsgrundvöll um æfingar og vera dugleg að auglýsa breiðar æfingarnar því það er aldrei að vita nema leynist fleiri iðkendur í næsta sveitarfélagi eða ungmenna- og íþróttafélagi. Sums staðar á þetta við, annars staðar ekki. Auk þessa fundaði stjórnin með Frjálsíþróttaráði og Knattspyrnunefnd HSP. Formannafundur var haldið 28. maí og þökkum við þeim sem mættu og áttu með okkur góðar umræður. Formannafundurinn var samt ekki nægilega vel sóttur miðað við þann mikilvæga vettvang sem hann er til að hittast og kynna skipulag næsta árs, tala saman um verkefni og mögulegar úrlausnir og finna hvor við getum starfað betur saman til heilla fyrir félaga okkar og iðkendur. Þá sóttu stjórnarmenn HSP íþróttapring ÍSÍ, formannafund UMFÍ og ÍSÍ, sambandsráðsfund UMFÍ, auk annarra óformlegri funda og samstarfs við ÍSÍ og UMFÍ á árinu. HSP fékk einn fulltrúa kjörinn í aðalstjórn UMFÍ, Björn Grétar Baldursson, og erum við stolt af því. Hann starfar einnig fyrir Ungmennaráð UMFÍ ásamt honum Aðalbirni Jóhannssyni sem er formaður ráðsins. Þar að auki starfar Jóhanna Kristjánssdóttir áfram fyrir okkar hönd í nokkrum nefndum á vegum UMFÍ og erum við afar þakklát fyrir að okkar fólk lætur til sín taka á landsvettvanginum því það eflir tengsl okkar á landsvísu.

Sérstök verkefni á árinu voru endurnýjun samstarfssamninga við þau 5 sveitarfélög á starfssvæði HSP sem eiga virka iðkendur. Sá samningur er grundvöllur þess að HSP geti ráðið starfsmann og sinnt þeim fjölmörgu verkefnum sem eru á könnu Sambandsins. Þökkum við sveitarfélögum fyrir veittan stuðning. Starfsmaður stjórnar er Elín Sigurborg Harðardóttir og þökkum við henni kærlega vel unnin störf á árinu. Einnig áttu formaður og varaformaður nokkra góða fundi við skólameistara Framhaldsskólans á Laugum um að endurnýja samkomulag um aðstöðu fyrir geymslu og fundaraðstöðu HSP. Í dag rekur HSP skrifstofu í íþróttahúsinu á Húsavík í góðu samstarfi við Völsung. Einnig var endurnýjaður leigusamningur við Norðurþing í byrjun þessa árs. Unnið er að endurskoðun lottóútreikninga síðustu tveggja ára vegna gruns um skekkju í útborgunum. Sú vinna hefur leitt í ljósi að hugsanlega getur verið lítil skekkja í útborgunum sem þarf að leiðréttu og verður það gert í fyrstu útborgun þessa árs.

Mótahald var með hefðbundnu sniði. Haldin voru héraðsmót í frjálsum, sundi og skák. Mikil aukning iðkenda er í sundi og frjálsum og viljum við hrósa sundnefnd og frjálsíþróttaráði fyrir vel unnin störf á árinu. Skákíþróttin hefur einnig verið vaxandi á undanförnum árum og er það mikils virði. HSP sótti Unglingalandsmót UMFÍ á árinu og fóru alls 66 keppendur og kepptu í hinum ýmsu einstaklingsgreinum og liðakeppnum. HSP greiddi keppnisgjöld niður um helming og gaf hverjum þátttakanda bol. Mótið hefur sannað sig sem mikilvæg forvörn og gott tækifæri fyrir okkur í HSP að koma saman og vera saman sem heild. Sumarleikar HSP í frjálsum voru á sínum stað í júlí og gengu mjög vel. Stjórnin fékk fyrirspurnir innan raða knattspyrnu- og hestaþróttu um hvort ekki megi útvíkka þetta góða móti fyrir yngstu iðkendur sinna greina og stefna þannig á fjölskyldumót á Laugum í einhverri mynd. Stjórnin telur þetta afar góða hugmynd og vill varpa því fram til umræðu hér á þingingu í íþróttanefnd. Hér getur verið góður vettvangur til að sameina okkur enn betur á þessu stóra svæði og hægt búa til sannkallaða HSP stemningu sem myndi t.d. styrkja

enn frekar unga fólkid og fjölskyldur þeirra að fara saman á Unglingalandsmót UMFÍ. En það þarf að vanda vel til verka eigi að bæta einhverju við Sumarleikana og hafa í huga að þar þarf öflugt samstarf og fleiri hendur eigi þetta að ganga vel. Sumarleikarnir eru afar vinsælt frjálsíþróttamót og vel sótt af nágrannahéruðum þannig það þyrfti að skoða þetta mál í víðu samhengi, með það fyrir augum að passa það sem vel hefur verið gert og gengur vel.

Nokkrar nefndir og sjóðsstjórnir HSP störfuðu ekki á árinu og skiliðu þar af leiðandi ekki skýrslu. Þetta eru Sögu- og minjanefnd, Knattspyrnunefnd, Almenningsíþróttanefnd, Afreksmannasjóður HSP og Aksturssjóður. Góðar og gildar ástæður eru fyrir því í einhverjum tilvikum en í öðrum er ljóst að stjórn þarf að skoða betur ástæður þess og finna úrbætur á því. Stjórnin hefur haft þá vinnureglu að hafa tengilið við hverja nefnd og sjóð til að tryggja flæði upplýsingaa og veita starfinu stuðning. Það gengur vel í flestum tilfellum en stundum þarf greinilega að gera betur. Akstursjóður HSP til að mynda hefur verið tómur um nokkurra ára bil og nauðsynlegt að finna fjármuni í hann til að gegna því hlutverki að að jafna aðstöðu barna og unglinga til íþróttaiðkunar í Héraðinu. Stjórnin vekur athygli á því að eingöngu barst ein umsókn í Fræðslusjóð HSP á árinu og hvetur félögin til að skoða hvort ekki megi nýta sjóðinn betur með því að hvetja þjálfara að sækja námskeið og ráðstefnur sem geta gagnast sínu félagsstarfi.

Stjórn HSP hefur ákveðið að óska eftir umræðu um nokkur þeirra mála sem henni eru hugleikin eftir síðasta starfsár því um sum málefni er nauðsynlegt að ræða við grasrótina, í hvaða átt þingið vill beina einstökum málum sem finna sér ekki farveg.



Anita Karin Guttesen

Formaður HSP

Rekstrarreikningur 2015

Aðaldeild

Rekstrartekjur:

	2015	2014
Lottó UMFÍ	4.135.489	3.972.847
Lottó ÍSÍ	2.927.285	2.864.023
útbreyðslust. /ósóttir vinningar	442.287	419.634
Styrkir ýmsir	464.764	2.098.500
Styrkir sveitarfélagið	2.751.933	2.593.800
Styrkir í afreksmannasjóð	-	-
Styrkir v. LM 50 +	-	2.301.224
Skattar félaga	1.465.000	1.911.700
Peysusala	55.000	164.750
Bókasala HSP bókin	388.372	
DVD landsmótsdiskur	30.000	
Aðrar tekjur	-	1.496.734
Tjaldaleiga	60.000	90.000
	12.720.130	17.913.212

Rekstrargjöld:

Yfirstjórn	6.628.726	9.914.804
Lottó til félaga	5.408.033	5.066.008
Afskriftir	-	
	12.036.759	14.980.812

Hag/Tap án fjármagnsliða

683.371	2.932.400
----------------	------------------

Fjármagnsliðir

Vaxtatekjur	99.531	158.380
Vaxtagjöld	57.598	90.670
	41.933	67.710

Hag/Tap ársins

725.304	3.000.110
----------------	------------------

Efnahagsreikningur 31. desember 2015

Eignir

Fastafjármunir	2015	2014
Mannvirki	Íþróttavöllur	
Áhöld og tæki	1.376.967	1.214.273
Kerra yfirbyggð	270.000	270.000
	1.646.967	1.484.273
Veltufjármunir		
Viðskiptakrörur	1.380.842	1.060.822
Vörubirgiðir	2.654.506	3.097.878
Handbært fé	6.919.003	7.508.056
	8.192.667	9.545.112
Eignir samtals	9.839.634	11.029.385

Efnahagsreikningur 31. desember 2015

Eigið fé og skuldir

Eigið fé	2015	2014
Óráðst. eigið fé 01.01.	8.875.791	5.875.681
Birgðir 31.12		
Hag /Tap ársins	725.304	3.000.110
	<u>9.601.095</u>	<u>8.875.791</u>

Skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir	227.526	646.751
ógreiddur kostnaður	316.793	2.422.496
Ógreitt v/starfsfóks	149.272	377.849
	<u>238.539</u>	<u>2.153.594</u>

Skuldir og eigið fé samtals	<u>9.839.634</u>	<u>11.029.385</u>
-----------------------------	------------------	-------------------

Hróarsstöðum 08.03.2016

Skoðunarmenn:

Stjórn:

Kristjan Þ. Þorsteinsson Asta Kárin Ólafsdóttir
Jón Þ. Ólafsson Hólmur Þorvaldsson

Rekstrarreikningur Frjálsíþróttaráðs 2015

Tekjur

Æfingagjöld	1.005.995
Mót utan svæðis	218.940
Mót innan svæðis	457.881
Íþróttaskóli	561.000
Æfingabúðir	140.000
Dagatal styrkir	369.445
Dagatal sala	409.000
Styrkur HSþ	500.000
Sjoppa	214.669
Fjárlunarvörur	850.000
Vaxtatekjur	5.838
Samtals tekjur	4.732.768

Gjöld

Æfingagjöld utan félags	35.000
Kostnaður við þjálfun	2.005.996
Mót utan svæðis	411.594
Mót innan svæðis	173.075
Íþróttaskóli	113.394
Æfingabúðir	256.594
Dagatal, prentun og póstburðargjald	422.950
Sjoppa	166.225
Fjárlunarvörur	403.222
Ýmis kostnaður, lokahóf, auglýsingar	131.512
Fjármagnstekjkuskattur	1.167
Þjónustugjöld	35.525
Samtals	4.732.768
Rekstrarhagnaður	4.156.254
Samtals	576.514
Samtals	4.732.768
	4.732.768

Efnahagsreikningur 2015

	Staða í ársbyrjun	Staða í árslok
Sparisjóður Suður Þingeyinga	983.666	1.216.180
Hagnaður	576.514	
Útistandandi, æfingagjöld og íþróttaskóli	89.000	
Útistandandi fjárlunarvörur	180.000	
Útistandandi Bikarkeppni FRÍ	75.000	
Samtals	1.560.180	1.560.180

29/3/16 Sigurður Þella Þiannsd.

Dags. Gjaldkeri

9/2/16 Erla Bjarnadóttir

Dags. Skoðunarmaður

04/02/16 Björn Þorvaldsson

Dags. Skoðunarmaður

Árskýrsla frjálsíþróttaráðs

Í byrjun árs stóð Frjálsíþróttaráð HSÞ fyrir sólarhrings æfingabúðum á Þórshöfn dagana 16.-17. janúar. Alls voru það 16 manns sem lögðu leið sína til Þórshafnar. Ferðin austur gekk vel og fengum við góðar móttökur á Þórshöfn. Á Þórshöfn er stórt og mikið íþróttahús sem við fengum afnot af en gistingin var í félagsheimilinu sem er rétt við íþróttahúsið. Fyrsta æfingin var kl. 17 og voru það Bjargey, Hlynur, Eyþór og Unnar elstu iðkendur okkar sem sáu um þá æfingu í fjarveru Bróa. Mætingin var mjög góð en 43 einstaklingar voru í allt mættir. Eftir æfingu skelltu krakkarnir sér í sund, ísbað og heitan pott áður en farið var að borða. Ísfelagið á Þórshöfn og frjálsíþróttaráð buðu upp á pizza og UMFL bauð upp á gos með. Eftir mikla pizza veislu var kvöldvaka. Farið var í spurningakeppni, sýnd voru ýmiss frumsamin skemmtiatriði og svo var frjáls tími. UMFL bauð líka upp á popp á kvöldvökunni. Um 30 manns gistu í félagsheimilinu, bæði gestir og heimamenn. Klukkan níu á laugardagsmorgunn var morgumatur en nauðsynlegt er að borða vel og ekki



rétt fyrir æfingu. Fyrri æfing dagsins var kl. 10 og var Brói þjálfari þá mættur á Þórshöfn. Brói lék við hvern sinn fingur enda taldi hann sig ekki hafa haft svona marga á æfingu í 20-30 ár. Brói útskýrði vel tilgang æfinga og sagði að nauðsynlegt væri að gera alls konar æfingar til að samhæfa huga og líkama. Kapítóla og Ásdís

þjálfarar á Þórshöfn aðstoðuðu við þjálfun sem og foreldrar og aðrir sjálfboðaliðar. Eftir æfingu var borðað nesti og ávextir sem UMFL gaf. Hvíldartími tók við eftir mat sem var m.a. notaður í að ganga frá í félagsheimilinu og slaka á fyrir átök seinni æfingarinnar. Seinni æfing dagsins fór í hraðaaukningar, drillur og styrktaræfingar og eftir góðar teygjur í lokin var farið í sund og svo lagt af stað heim.

Óhætt er að segja að allt hafi gengið upp þennan sólarhring. Það var reglulega gaman að sjá alla þessa hæfileikaríku krakka saman og vonandi sjáum við til þeirra flestra í framtíðinni. En af hverju erum við að hafa svona æfingabúðir? Jú það er nauðsynlegt að brydda upp á ýmsum uppákomum fyrir iðkendur. Starfssvæði HSÞ er stórt og æfðar eru frjálsar íþróttir á þremur stöðum á svæðinu. Það er gaman fyrir krakkana að hittast og kynnast utan æfinga og keppni. Hökkum UMFL kærlega fyrir góðar móttökur og gott skipulag.

Stórmót ÍR


Stórmót ÍR var haldið í Laugardalshöll 31. janúar og 1. febrúar og var metþátttaka á því móti. Yfir 800 keppendur voru skráðir til leiks frá 32 félögum. Auk fjölmenns hóps barna og unglings keptu flestir okkar bestu frjálsíþróttamenn á mótinu. Lið HSP fór með rútu ásamt UMSE og UFA en 9 keppendur og 3 mæður/farastjórar fóru frá HSP. Gist var á farfuglaheimilinu í Laugardal eins og svo oft áður og er það ódýr og góður kostur þegar liðið er bíllaust í Reykjavík. Laugardagurinn var tekinn snemma en við þurftum að vera komin í íþróttahúsið laust eftir klukkan 8 því fyrstu keppendur okkar áttu að hefja keppni klukkan 9. Ákvæðið var að kaupa morgunmat á gistiheimilinu og var það góð tilbreyting frá nesti. Ein nýjung var á þessu Stórmóti en það var að veita viðurkenningu fyrir mestu bætingu í hverri grein í hverjum aldursflokki. Skemmtileg nýjung og þörf því auðvitað er alltaf markmiðið að bæta sinn eigin árangur. En eins og móthaldarar sögðu:



æskilegt sé að koma henni fyrir í móta haldinu með formlegri frjálsíþróttamótum almennt til þessa.“

Hafdís Inga Kristjánsdóttir 11 ára var að keppa á sínu fyrsta stórmóti og náði sér í silfurpening í kúlu ásamt því að fá viðurkenningarskjál fyrir mestu bætingu en hún bætti sig um 50 cm. Natalía Sól Jóhannsdóttir 12 ára fékk einnig silfurpening fyrir kúlu. Elstu strákarnir okkar luku keppni rétt fyrir klukkan 19 fyrri daginn. Daginn eftir var vakið um klukkan 8 enda þurftum við að vera búin að losa herbergin klukkan 10. Seinni keppnisdagurinn var öllu rólegri, næstum of rólegur. Eyþór Kári Ingólfsson náði 3. sæti í hástökki en einnig fékk hann tvær viðurkenningar fyrir mestu bætingu í grein. Í 200 m. hlaupi, bæting um 5, 41 sek. og 60 m hlaupi, bæting um 1,63 sek. Í heildina náðist mjög góður árangur hjá krökkunum. Brói var mjög ánægður með árangur sinna keppenda og sagði að þau hefðu náð betri

“Viðurkenningunni er ætlað að varpa ljósi á þá áherslu í frjálsíþróttastarfins að persónulegar framfarir og atgervisaukning einstaklinga á öllum getustigum er eitt af höfuðmarkmiðum frjálsíþróttastarfsins þar sem allir hafa hlutvek, enginn situr á varamennabekk og kynjamismunun fær ekki þrifist. Einhugur er meðal sambandsaðila um að viðurkenning af þessum toga sé vel til fundin og að



árangri en hann hefði búist við. Ekki það að hann hafi ekki haft trú á krökkunum heldur er oft erfitt fyrir keppendur að koma á svona stóran keppnisstað með topp aðstöðu þegar búið er að æfa í litlum sal við allt aðrar aðstæður. Flestir ef ekki allir bættu sinn persónulega árangur í einni eða fleiri greinum. Á svona mónum skapast oft mjög góð stemning og hópurinn þéttist og kynnist vel.

MÍ 11-14 ára og 15-22 ára

MÍ 11-14 ára var haldið í Laugardalshöll 14.-15. febrúar. Tæplega 400 keppendur voru skráðir til leiks á mótið frá 16 félögum og samböndum um land allt. 8 keppendur fóru frá HSþ á mótið. Hafdís Inga Kristjánsdóttir 11 ára varð í 2. sæti í kúluvarpi og Natalía Sól Jóhannesdóttir 12 ára varð í 3. sæti í kúluvarpi. Frjálsíþróttasamband Íslands leggur mikið upp úr persónulegum bætingum keppenda enda persónulegar framfarir eitt helsta markmið frjálsíþróttastarfssins og gildir þá einu hvert getustig hvers og eins er í samanburði við aðra. Í frjálsum hafa allir hlutverk. Á þessu móti bætti Hilmar Örn Sævarsson sinn persónulega árangur í kúluvarpi. Lið HSþ náði alls tæpum 25 stigum en 10 efstu sætin fá stig.



í að bæta sinn persónulega árangur. Eyþór Kári Ingólfsson bætti sinn persónulega árangur í 5 greinum, Unnar Þór Hlynsson bætti sig í 3 greinum, Arna Dröfn Sigurðardóttir bætti tíma sinn í 60 m. hlaupi og Snæbjörn Aðalsteinsson bætti sig í báðum greinum sem hann tók þátt í. Frábær árangur hjá krökkunum. Lið HSþ fékk alls 12.5 stig en 6 efstu sætin gefa stig á þessu móti.

Íslandsmeistaramót í frjálsum íþróttum 15-22 ára fór fram sl. helgi einnig í Laugardalshöll. 17 félög og sambönd um allt land áttu um 250 keppendur á þessu móti. 7 keppendur fóru frá HSþ. Dagbjört Ingvarsdóttir var í 2. sæti í langstökki í flokki 18-19 ára stúlkna. Aðrir keppendur voru duglegir



Marsmót HSP var haldið 15. mars í íþróttahúsinu á Laugum þar sem íþróttahöllin á Húsavík var upptekin. Alls voru 48 keppendur skráðir og gaman að segja frá því að góð mæting var úr Norðursýslunni.

Þann 19. apríl fengum við Hafdís Sigurðardóttur til að koma á Kópasker og vera með æfingu fyrir krakkana þar fyrir austan. Það var góð mæting og allir höfðu gaman af. Hafdís byrjaði að segja aðeins frá sjálfrí sér en svo fóru krakkarnir í leiki sem upphitun fyrir æfinguna sjálfa. Krakkarnir æfðou meðal annars langstökk, kúluvarp, grindahlaup, sprett og ádur en farið var heim eftir langa og góða æfingu var boðið upp á hressingu. Við þökkum Hafdís fyrir þessa frábæru ferð og öllum þeim sem komu og tóku þátt í æfingunni með okkur.




9 keppendur frá HSP fóru á Bogamót UFA í lok apríl. Alls náðust 16 verðlauna sæti á þessu móti hjá okkar keppendum og þar af nældi Katrín Rúnarsdóttir sér í sex verðlaun á því móti. Í flokki 10-11 ára var Katrín Rúnarsdóttir 1. sæti í skutlukasti, hástökki og 60 m. hlaupi. 2. sæti í langstökki og 600 m. hlaupi og 3. sæti í 60 m. grindahlaupi. Í flokki 12-13 ára varð Katla María Kristjánsdóttir í 3. sæti í langstökki, Natalía Sól Jóhannesdóttir varð í 2. sæti kúlu, Jón Alexander Artúrsson varð í 1. sæti í kúlu, Heimir Ari Heimisson varð í 2. sæti í hástökki og langstökki. 3. sæti 60 m. hlaupi. Hlynur Andri varð í 3. sæti í kúlu. Í flokki 14-15 ára varð Unnar Þór Hlynsson 2. sæti í langstökki og 3. sæti í 60 m. hlaupi. Í flokki kvenna varð Arna Dröfn Sigurðardóttir í 3. sæti í langstökki.

Sumarleikar HSP

Sumarleikar frjálsíþróttaráðs fóru fram á Laugavelli 20. og 21. júni og voru 119 keppendur skráðir. Auk HSP komu keppendur frá nágrannafélögum okkar UFA, UMSE, UÍA, UMSS og USAH. Keppendur HSP voru alls 27 á þessu móti og stóðu sig með prýði en alls náðust 26 verðlaunasæti. Í flokki keppenda 16-17 ára var Arna Dröfn Sigurðardóttir í 1. sæti langstökki og 3 sæti í hástökki og 100 m. hlaupi. Í flokki karla var Snæþór Aðalsteinsson í 1 sæti í 1500 m. hlaupi og 2 sæti í 800 m. hlaupi. Í flokki 16-17 ára var Hlynur Aðalsteinsson í 3. sæti bæði í 1500 m. hlaupi og 800 m. hlaupi. Í flokki 14-15 ára. Var Eyþór K. Ingólfsson í 2. Sæti í hástökki, 3 sæti í kúlu, langstökki, kringlu og spjóti. Arna Védís Bjarnadóttir varð 3 í langstökki. Í flokki 12-13 ára var Heimir Ari Heimisson í 2. sæti í langstökki, 400 m hlaupi,

hástökki og 3 sæti í 60 m. spretti. Ari Ingólfsson varð í 3 sæti í kúlu og 60 m. grindahlaupi. Natalía Sól Jóhannsdóttir var í 3. sæti í kúlu. 10-11 ára var Hafdís Inga Kristjánsdóttir í 1. sæti í spjóti, kúlu og 3. Sæti í 60. m. hlaupi. Brimir Búason varð í 2. sæti í langstökki og 3. sæti í 600 m. hlaupi. Hafþór Höskuldsson varð í 3. sæti í 60 m. hlaupi. Þegar kringlukast fór fram birtist allt í einu rúmlega sjötugur þjóðverji, Klaus Albert, sem vildi fá að taka þátt í kringlukasti. Klaus átti lengsta kastið í keppninni en það var 35.98. En Klaus er Þýskalandsmeistari setti heimsmet þegar hann var sextugur í sínu heimalandi. Valgerður Jónsdóttir, sem er gamalreynd HSÞ kona, tók þátt á mótinu og sýndi að hún hefur engu gleymt. Hún kepti í langstökki og 60 m spretti og varð í 1. sæti í báðum greinum.



MÍ 11-14 ára

Íslandsmeistaramót 11-14 ára fór fram á Selfossvelli dagana 27. og 28 júni. Þangað fóru 8 keppendur frá HSÞ. Óvenju fáir keppendur voru í heild á þessu móti eða rétt rúmlega 200 frá 16 félögum af öllu landinu. Þó nokkur vindur var á fyrri keppnisdegi og vindur og rigning á þeim síðari. En okkar keppendur létu veðrið ekki hafa áhrif á sig alls náðu keppendur sér í 4

verðlaunapeninga. Jón Alexander H. Artúrsson 13. ára varð í 3. sæti í kúlu. Erla Rós Ólafsdóttir 12. ára varð í 3. sæti í spjóti. Hafdís Inga Kristjánsdóttir 11. ára varð í 2. sæti í kúlu og Natalía Sól Jóhannsdóttir 12 ára varð í 2. sæti í kúlu. Að auki áttum við 4 keppendur í úrslita hlaupum í spretti. Meistaramótin eru stigakeppni þar sem 10 efstu sætin gefa stig. HSÞ krakkarnir fengu samtals 64 stig og voru í 8-9 sæti af 16 liðum. Flottur árangur hjá þeim.



Akureyrarmót UFA

HSP átti 11 keppendur á UFA móti sem fram fór á Þórvelli 18.-19. júli. Í heildina náðu þau mjög góðum árangri, hvort sem það var að fara á pall eða bæta eigin árangur.

Í flokki 12-13 ára varð Heimir Ari Heimisson í 1. sæti í hástökki, 2. sæti í langst., 600m hindrun og 200m hlaupi, 3.sæti í 60m grind. Jón Alexander Arthúrsson varð í 1. sæti í kúluvarpi, 2. sæti í 80m og spjótkasti. Guðni Páll Jóhannesson varð í 3.sæti í kúluvarpi. Í flokki 14-15 ára varð Unnar Hlynsson í 2.sæti í 100m, 3.sæti í 200m, Arna Védís Bjarnadóttir varð í 2.sæti í langstökki og Eyþór Kári Ingólfsson varð í 1.sæti í hástökki, 2.sæti í langst. og þrístökki. Í flokki 16-17 ára varð Hlynur Aðalsteinsson í 3.sæti í 800m og Arna Dröfn Sigurðardóttir í 1. sæti í 100m, 3.sæti í langstökki

Frjálsíþróttaskóli UMFÍ

Frjálsíþróttaskólinn okkar hófst mánudaginn 20.júlí en ekki í eins mikilli blíðu og við höfðum vonast eftir að fá. Börnin mættu um 1 leytíð og komu sér fyrir en fyrsta æfingin var klukkan 14. Brói þjálfari bauð börnin velkomin og var með smá fræðslu áður en hann, ásamt Bjargey frá Úlfsbæ, hófu æfinguna . Á mánudeginum var bara ein æfing en tíminn meira notaður í að fá börnin til að kynnast og þjappast saman.

Á þriðjudeginum voru tvær æfingar og sú fyrsta hófst klukkan tíu. Foreldrar aðstoðuðu Bróa á þeirri fyrri en á seinni æfinguna mætti Hafdíðis Sigurðardóttir afrekskona í frjálsum. Mikil ánægja var með Hafdísi og hún var að leiðbeina krökkunum í langstökki. Í lokin fengu þau sem vildu að taka mynd af sér með Hafdísi. Á milli æfinga var farið í sund og



svo fengum við þráða bocciaidkendur til að koma og vera með sýnikennslu í boccia. Það voru Ásgrímur Sigurðarson, Anna María Bjarnadóttir og Kristbjörn Óskarsson.

Miðvikudagurinn tók á móti okkur með rigningu á fyrstu æfingunni. Stutt var á milli æfinga þennan daginn og því var gott að fara í heita pottinn, slaka á og teygja á aumum vöðvum.

Bjargey og Eyþór frá Úlfsbæ aðstoðuðu Bróa á seinni æfingunni og sáu um hástökk og grindarhlaut meðan Brói æfði kúluvarp. Boðið var upp á pizza frá Dalakofanum í kvöldmatinn og dagurinn endaði í gömlu sundlauginni á Laugum þar sem farið var í bíó.

Ágústa Pálsdóttir gömul frjálsíþróttakempa var aðstoðarmaður á fyrri æfingunni á fimmtudeginum en Bjargey og Eyþór voru með á seinni æfingunni. Á milli æfinga var farið í sund og svo fengum við fólk frá Pílukastfélagi Íslands til okkar og þau kynntu okkur fyrir

þessari íþrótt sem er ný keppnisgrein á unglingslandsmótinu í ár. Síðasti dagurinn rann upp og sem betur fer hætti að rigna áður en æfingin hófst. Eyþór aðstoðaði Bróa við æfingar og var áherslan lögð á langstökk, spjótkast og boðhlaup. Síðasta máltíðin var svo grillaðir hamborgarar og meðan þeir runnu niður spjallaði Brói við krakkana og útskrifaði þau úr skólanum. Í heildina gekk allt mjög vel og allir ánægðir með vikuna, þrátt fyrir aðeins of mikinn kulda og bleytu.

Unglingslandsmót UMFÍ

Unglingslandsmót UMFÍ var haldið á Akureyri þetta árið. Í frjálsum íþróttum voru alls 29 keppendur frá HSÞ. Mörg þeirra voru að keppa á sínu fyrsta frjálsíþróttamóti. Í hlut HSÞ kom einn unglingslandsmotsmeistari, en það var hún Erla Rós Ólafsdóttir sem vann spjótkast 12 ára stelpna. Kastaði 28,38 m. Natalía Sól Jóhannsdóttir varð í öðru sæti í kúluvarpi 12 ára stelpna með kast upp á 9,24 m. Heimir Ari Heimisson náði 3. sæti í hástökki, stökk 1,48 m í flokki 13 ára pilta. Eyþór Kári Ingólfsson varð einnig þriðji í hástökki í flokki 15 ára pilta, stökk 1,67 m. Erla, Natalía, Heimir og Eyþór bættu öll sinn persónulega árangur í þessum greinum. Alls voru persónulegar bætingar hjá keppendum HSÞ 17 talsins.

Að auki átti HSÞ 2 boðhlaupssveitir á palli. Silfur sveit í flokki 15 ára pilta. Í boðhlaupssveitinni voru Unnar Þór Hlynsson, Eyþór Kári Ingólfsson, Benóný Arnórsson og Hilmir Smári Kristinsson. Boðhlaupssveit stráka 13 ára náði í brons og þar hlupu, Guðni Páll Jóhannesson, Heimir Ari Heimisson, Jósavin H. Arason og Jón Alexander Athúrsson.

MÍ 15-22 ára

Meistaramót Íslands fyrir 15-22 ára var haldið á Sauðárkróki 15.-16. ágúst. Fimm keppendur frá HSÞ taka þátt í mótinu og stóðu sig mjög vel. Eyþór Kári Ingólfsson varð í 2.sæti í 300 m grindahlaupi.

Bikarképpni FRÍ

Bikarképpni FRÍ 15 ára og yngri var haldin á Laugum í Reykjadal sunnudaginn 23. ágúst. Alls mættu 6 félög með 8 lið til keppni að þessu sinni og voru rúmlega 100 keppendur. A-lið ÍR og HSK/SELFOSS urðu jöfn í efsta sæti með 122,5 stig. Lið ÍR var með 7 sigurvegara en HSK/SELFOSS með 3 sigurvegara svo ÍR urðu bikarmeistarar. UFA/UMSE kom þar á eftir með 122 stig svo það var mjög jafnt á toppnum.

Í stúlknaflokki vann A-lið ÍR með 69,5 stig, HSK/SELFOSS var í 2. sæti með 61,5 og UFA/UMSE varð í 3. sæti með 54 stig.

Í karlaflokki var það UFA/UMSE sem sigraði með 68 stig, HSK/SELFOSS var í 2. sæti með 61 stig og HSÞ í 3. sæti með 54 stig.

Stangarstökk kvenna var aukagrein á þessu móti þar sem þær Hulda Þorsteinsdóttir úr ÍR, Rakel Ósk Dýrfjörð Björnsdóttir frá UFA og Sveinborg Katla Danielsdóttir úr UMSE voru að gera tilraun til að bæta sinn árangur. Keppendur HSÞ stóðu sig mjög vel á þessu móti. Unnar

Hlynsson var í 2. sæti í 100m hlaupi. Eyþór Kári Ingólfsson var í 3.sæti í 100m grind og 2.sæti í hástökki. Páll Vilberg Róbærtsson var í 2. sæti í kúluvarpi og 3. sæti í spjótkasti. Sveit HSP í 1000m boðhlaupi pílta var í 3. sæti. Stúlknesveit HSP stóð sig með prýði, þær eru flestar nýbyrjaðar að æfa eða voru að keppa í fyrsta skipti í ákveðinni grein og má segja að miðað við það þá var árangur góður. Arna Védís Bjarnadóttir náði að bæta árangur sinn í hástökki.
HSP vill þakka öllum fyrir samveruna á Laugum og gott móti.



Þriðjudaginn 25. ágúst var slútt hjá okkur í frjálsum. Að þessu sinni var farið í Ásbyrgi og nutum við góðrar stundar þar í góðu veðri og félagsskap. Áætlum við að um 70-80 manns hafi komið þar saman. Farið var í ýmsa leiki, s.s. ratleik, stígvlakast og aðra hópeflisleiki. Einnig fengum við hoppkastalaleigu Garðars til að koma með kastala til okkar og var mikil ánægja með það. Grillaðir voru hamborgarar og Brói þjálfari útnefndi þá einstaklinga sem voru stigahæstir í árangri eftir þetta tímabil. Arna Dröfn Sigurðardóttir var stigahæst stúlkna með 935 stig en næst á eftir henni var Erla Rós Ólafsdóttir með 934 svo það munaði mjög litlu á þeim. Páll Vilberg Róbærtsson var stigahæstur drengja með slétt 1000 stig en á eftir honum var Jón Alexander Arthúrsson með 923 stig. Eftir mikið hamborgaraát, leiki og sprell var haldið heim á leið og hefst nýtt æfingatímabil í frjálsum á Laugum í október en á Húsavík í september. Verið er að skoða með æfingar og þjálfaramál í Norðursýslunni.

Æfingabúðir á Laugum


Frjálsþróttaráð stóð fyrir sólarhringsæfingabúðum á Laugum 30.-31. okt síðastliðinn. 13 krakkar af svæðinu mættu til leiks og var þetta mjög skemmtilegur tími, bæði í æfingum og utan. Brói var með útiæfingu niður á velli klukkan 5 og að henni lokinni skelltu allir sér í sund. Eftir æfingu og sund var hungríð farið að hrjá mannskapinn og þá ekki slæmt að gæða sér á pizza frá Dalakofanum. Eftir pizzuát var farið í hópeflisleiki fram að svefntíma og ekki hægt að segja annað en að þau hafi staðið sig mjög vel í þeim málum og skemmt sér frábærlega. Klukkan 10 á laugardagsmorgunin var svo æfing númer 2 og hún var einnig úti. Frekar svalt var úti og hélaður völlurinn en þau létu það ekki á sig fá og áttu góða æfingu. Útiæfingarnar snérust mikið um hlaup og drillur. Kærkomin hvíld og hádegismatur var á milli æfinga en seinni æfingin var inni í fþróttahúsi klukkan 2. Þar sagðist Brói ætla að pína þau og léti þau í alls konar þrekæfingar. Að lokinni æfingu var farið í sund áður en haldið var heim.



Nóvembermót HSÞ fór fram í íþróttahöllinni á Húsavík 15. nóvember. Rúmlega 30 keppendur tóku þátt í þessu móti og stóðu sig vel.

Silfurleikar ÍR

Silfurleikar ÍR eru haldnir í nóvember ár hvert en þeir fóru fram 21. nóvember í Laugardalshöll. Silfurleikar ÍR eru fyrir 17 ára og yngri. 5 strákar fóru frá HSÞ á Silfurleikana staðráðnir í að bæta sinn persónulega árangur í sínum greinum á þessu aldurs ári. Alls kepptu þeir í 15 greinum og náðu að bæta sinn persónulega árangur eða jafna hann í 9 þeirra. Allir náðu að bæta sig í einhverri grein. Að auki náðu þeir sér í þrjú verðlaunasæti.



Jón Alexander
Arthúrsson vann
kúluvarp í flokki 13
ára pilta með kasti
upp á 12,04. Eyþór
Kári Ingólfsson
varð annar í
hástökk 15 ára
pilta, stökk 1,67 m.
Unnar Þór
Hlynsson einnig 15
ára varð í 3. sæti í
60 m. hljóp á
tímanum 7,90 sek.

Íþróttanefnd fullorðinna félagsmanna HSÞ

Á ársþingi HSÞ í mars 2015 var samþykkt að stofna nýja nefnd sem bæri ofangreint heiti og hefði þann megin tilgang að hvetja eldri ungmennafélaga sína og aðra til þess að stunda heilbrigðan lífstíl og efla hreyfingu. Einnig að stuðla að þátttöku sem flestra eldri ungmennafélaga á Íþróttaviðburðum eins og á Landsmóti UMFÍ og Landsmóti UMFÍ 50+.

Á haustdögum 2015 tókst loks að fullmanna þessa nefnd og í henni starfa undirrituð ásamt systrunum Aðalheiði Kjartansdóttur og Vilhelmínu Ásdísí Kjartansdóttur.

Starf nefndarinnar varð því ekki fyrrferðarmikið þetta fyrsta starfsár, en nefndin hélt þó tvo fundi fyrir áramótin, sem fóru í það að átta sig á hvaða hlutverk þessi nefnd hefði og setja einhver markmið til að stefna að. Ákveðið var að skrifa grein í fréttamiðla til að kynna nefndina og í þeiri grein myndi líka vera eilítið yfirlit yfir hvað stendur fullorðnu fólki til boða til hreyfingar í okkar Íþróttahéraði. Tók sú vinna eilítið lengri tíma en stóð til og greinin var ekki birt áður en árið rann út. Formaður nefndarinnar ákvað gera tilraun til að koma af stað æfingum í Ringó og reynt var að byrja með það fyrir jól, en tókst ekki að fá næga þátttöku. Stendur til að reyna þetta þó aftur og helst fara með eitt lið á Landsmót UMFÍ 50+ á Ísafirði sumarið 2016.

Elín Sigurborg Harðardóttir

formaður nefndar

Sundnefnd

Sundárið byrjaði með hefbundnu sniði, æfingar eru í boði bæði á Laugum og Húsavík 2x í viku, á Húsavík æfa 37 börn og á Laugum æfa 20 börn.

Í mars héldum við æfingabúðir á Laugum og páskamót í kjölfarið, þar sem veitt voru verðlaun og allir þáttakendur fengu páskaegg með sér heim. Í maí fór 12 manna hópur á Ránarmótið á Dalvík, þar stóðu allir sig vel og lenti Sif Heiðarsdóttir og Dagbjört Lilja Daniëlsdóttir báðar á verðlaunapalli.

Í júni buðum við upp á leikskólasund eins og við höfðum gert árið áður og tóku 70 börn þátt í því. 17 júni var okkar hefðbunda sundmót og grillveisla.

Um verslunnarmannahelgina fór einn þáttakandi á Unglingalandsmótið á Akureyri, Dagbjört Lilja Daniëlsdóttir og gekk henni mjög vel.

Haustið byrjaði mjög vel og er mikil aukning í sundinu, æfingabúðir voru haldnar á Laugum 25-26 sept og mættu þangað 42 börn, héraðsmótið okkar var haldið föstudaginn 2 okt þar tóku 35 börn þátt. Keppendur komu frá Völsungi, Eflingu, Geisla og Bjarma og stóðu krakkarnir sig frábærlega vel, Völsungur vann stigakeppnina. Stigahæst í kvennaflokkini var Valdís Jósefsdóttir frá Völsungi en í karlauflokki náði enginn keppandi að uppfylla þau skilyrði sem þarf til að vinna bikarinn. Sif Heiðarsdóttir valin sundmaður Völsungs í flokknum 16 ára og yngri fyrir árið 2014, einnig var Sif valin sundmaður HSÞ fyrir árið 2014.

Verðlaunaafhending fyrir héraðsmótið var haldin á Húsavík 5 nóvember, þar mættu um 100 manns foreldrar og börn, borðuðu saman Pizzu og skemmtu sér ásamt þjálfurum sínum, og Inga Þór

Ágústssyni sundþjálfara hjá Fjölni sem heimsótti okkur og hélt sundæfingu á Húsavík og veitti verðlaun fyrir héraðsmótið. Í ár fengum við nýja farandsbikara fyrir stigahæstu einstaklingana í karla og kvennaflokki , einnig fengu við nýjan bikar fyrir stigahæsta sundfélagið og gaf Framsýn stéttarfélag okkur þann bikar og kom Aðalsteinn Árni Baldursson formaður Framsýnar til okkar og afhenti bikarinn, þökkum við Framsýn kærlega fyrir.

Þjálfarar eru Valgerður Jósefsdóttir, Emilía Eir Karlsdóttir, Árný Björnsdóttir, Berglind Ólafsdóttir, Davíð Friðriksson og Emilía Guðrún Brynjarsdóttir.

Í stjórn sunddeildarinnar eru: Árný Björnsdóttir, Elísabet Sigurðardóttir, Valgerður Jósefsdóttir og Margrét Þórhallsdóttir. Tengiliður í sveitinni er Jánbrá Björg Jónsdóttir.

Að lokum viljum við hjá sunddeildinni óska öllum þjálfurum, iðkendum sem og öllum Þingeyingum, gleðilegra jóla og gæfuríks komandi árs.

Fyrir hönd Sunddeilda Völsungs og Sundnefndar HSP

Elísabet Sigurðardóttir.

Fræðslusjóður HSP 2015

Stjórn HSP annast úthlutanir úr sjóðnum, en markmið hans er að auka menntun og þekkingu félaga innan HSP á íþróttagreinum, þjálfun, í félagsmálum og félagsstarfi – með öllum þeim ráðum sem stjórn sambandsins álítur íþrótt- og félagslífí í héraði til framdráttar.

Eingöngu barst ein umsókn í Fræðslusjóðinn árið 2015 og var hún frá Barna- og ungingaráði Völsungs í knattspyrnu vegna þjálfaranámskeiðs sem yfirþjálfari Völsungs sótti til Reykjavíkur. Greiddur fræðslustyrkur 21.600,- kr.

Afreksmannasjóður HSP 2015

Á ársþingi HSP 2014 var samþykkt að 5% af heildarlottótekjum HSP myndu fara í Afreksmannasjóðinn til þess að byrja að safna í sjóðinn og hafa einhverjar fastar tekjur þarna inn. Alls hafa safnast 949.161,- kr

Stjórn sjóðsins verið óvirk.

Starfsskýrslur aðildarfélaga HSP

Skráð óvirk félög árið 2015

Boltafélag Húsavíkur
Íþróttafélag Laugaskóla
Umf Afturelding
Umf Bakkafjarðar
Umf Snörtur
Umf Tjörnesinga
Umf Öxfirðinga
Umf Reykhverfinga

Eftifarandi félög sendu ekki starfsskýrslu fyrir árið 2015:

Akstursþróttafélag Mývatnssveitar
Golfklúbburinn Gljúfri
Hestamannafélagið Feykir
Umf Einingin
Umf Gaman og alvara

Golfklúbbur Húsavíkur



Starfsárið 2015 var um margt gott en þó vantaði meiri hita og fleiri sólarstundi á Katlavelli. Vallarstjóri er Skarphéðinn Ívarsson og voru tveir sumarstarsmenn á vellinum. Þegar leið á sumar bættist sá þriðji við.

Ný stjórн var kjörin á aðalfundi klúbbins í febrúar. Hjálmar Bogi Hafliðason var kjörinn formaður. Í stjórн eiga sæti, Björg Jónsdóttir, Gunnlaugur Stefánsson, Jóhanna Guðjónsdóttir, Ásdís Jónsdóttir, Birna Dögg Magnúsdóttir og Ragnar Emilsson, sem jafnframt er formaður vallanefndar klúbbins. Stjórн fundaði a.m.k. einu sinni í mánuði, tvívar í mánuði yfir sumartímann og oftar ef þurfa þótti.

Starfið í klúbbnum var með svipuðu sniði og undanfarin ár og varð eilítil fjölgun klúbbfélaga. Nokkuð var um framkvæmdir á vellinum; áframhaldandi uppbygging á vökvunarþúnaði og nýframkvæmdir við teiga ber þar hæst. Klúbbfélögum bauðst golfkennsla síðsumars af viðurkenndum golfkennara en jafnframt var nýliðum boðin kennsla. Tekin var upp sú hefð að spila sérstök karla- og konukvöld sem gafst vel, sérstaklega þegar litið er til þess að efla félagsandann en um spilamennskuna skal ósagt látið.

Barna- og ungliðanefnd stóð fyrir öflugu starfi í sumar og um 25 iðkendur lögðu kapp á golfið í sumar, fengu kennslu og halddið var sérstak barna- og unglingsmót með uppskeruhátið.

Agnar Daði Kristjánsson, fór að þjálfaranámskeið en það er mikilvægt að leggja rækt við barna- og unglingsastrið og liður í því er að búa til þjálfara framtíðarinnar.

Alls fóru 15 mótt fram á vellinum, bæði innanfélagsmót sem og opin mótt. Þátttaka var með svipuðu sniði og verið hefur.

Klúbburinn fær ekki nægan stuðning frá sveitarféluginu Norðurþingi en rekstur hans er viðkvæmur. Nú er komið að viðhaldspörf á tækjum en unnið var að endurbótaáætlun á tækjakosti klúbbsins. Ljóst var að fjárfestingarþörf er nokkur en bolmagnið ekki nægilegt fyrir stærri fjárfestingar sem frestuðust því enn eitt árið.

Áfram var unnið að því að fjlóga styrktaraðilum við klúbbinn og betur má ef duga skal.

Það er veikleiki í starfi klúbbsins að starfið innan hans legst að mestu af yfir vetrarmánuðina. Því var unnið nokkuð að því að efla vetrarstarfið þannig að klúbburinn sér heilsársafþreying.

Golfklúbburinn Hvammur



Starfsemi Golfklúbbsins Hvamms var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Barna- og unglingastarf var sambærilegt og fyrri ár. Lítið var um mótaðal en meistaramót var þó haldið að venju. Ástand golfvallar klúbbsins var vel viðundandi á síðasta sumri. Nokkuð var unnið í endurbótum á vellinum en slík vinna hefur verið í lágmarki undanfarin ár þar sem mest þúður hefur farið í að berjast við kalskemmdir.

Rekstur klúbbsins var annars í ágætu horfi og hefur klúbburinn notið stuðnings fjölmargra fyrirtækja og einstaklinga. Áfram verður áfram unnið jafnt og þétt að því að bæta aðstöðu klúbbsins til golfiðkunar eftir því sem fjárhagur leyfir. Klúbburinn hefur notið mikillar sjálfboðavinnu af hálfu nokkurra meðlima og verður það starf seint fullþakkað.

Jón Helgi Pétursson

Formaður

Golfklúbburinn Lundur



Sumarið 2015 er sjötta starfsárlíð golfklúbbins. Megin starfssemi golfklúbbins er fyrst og fremst að byggja upp félagastarfsemi í kringum Lundsvöll í Fnjóskadal. Þær breytingar voru gerðar fyrir sumarið 2014 að samningur var undirritaður milli Golflúbb Lunds, Lundsgolf ehf og Golfklúbb Akureyrar, um rekstur Lundsvallar. Rekstur Lundsvallar er nú alfarið í höndum Golfklúbb Akureyrar, en golfskálinn Stekkur er alfarið í höndum Lundsgolf ehf. sem er í eigu landeiganda. Golfklúbburinn Lundur hefur afnot af Lundsvelli og skálanum, en sér alfarið um öll golfmót sem haldin eru og kennslu félagsmanna í samvinnu með GA. Engar eignir eru skráðar á klúbbinn og ekkert mannahald er á vegum klúbbins.

Laugardaginn 13. júní opnaði Lundsvöllur fyrir félagsmenn og allri almennri umferð golfspilara. Í lok sumars voru skráðir í golfklúbbinn 100 félagsmenn þar af eru 45 með fulla aðild og 55 með auka aðild. Kynjahlutfall félaga er 38 konur og 62 karl.

Mótahald

Sökum mikilla kalskemmda á vellinum eftir veturinn, fór mótaðal seint af stað. Alls hélt klúbburinn 5. mótið sem klúbburinn hélt var 10. júlí og var það innanfélags mótið, spilað var 9 holu texas scramble vanur og óvanur. Þátttakendur voru 26. Þann 02. ágúst var opið mótið sem bar heitið Coca-Cola –verlunarmannahelgin, þar mættu 40 til leiks og spilað var 9 holu punktakeppni með forgjöf. 30. ágúst var meistaramót GLF spilað, karla og kvenna. Í það mótið mættu 15 til leiks. Í ár var mótið einnig opið félögum í GA, spilað var 18 holu högguleikur. Sigurvegari í karla og þar með meistari GLF 2015 varð Valdemar Örn Valsson á 86 höggum og meistari kvenna varð Guðríður Þorsteinsdóttir á 133 höggum.

Þann 12. september var lopapeysumót kvenna sem er 18 holu punktakeppni. Í það mótið mættu 39 konur. Þann 27. September var Bændaglíma GLF og mættu 16 félagar úr GLF í það mótið.

Kennsla

Sumarið 2015 bauð golfklúbburinn félagsmönnum uppá fría leiðsögn golfkennara. Einungis 1. Laugardagur var nýttur, frá kl. 13.00 til 15.00. Leiðbeinandi var Friðrik Gunnarsson og var þátttaka mjög góð og mæltist þetta framtak klúbbins mjög vel fyrir.

Pétur Ringsted

Formaður GLF

Golfklúbbur Mývatnssveitar



Stjórn GKM árið 2015.

Aðrir embættismenn.

Formaður.	<i>Kristján Stefánsson</i>	Form. vallarnefndar. <i>Sigurður Baldursson</i>
Gjaldkeri.	<i>Ellert Rúnar Finnbogason</i>	Form. mótanefndar. <i>Hinrik Geir Jónsson</i>
Ritari.	<i>Jón Óskar Ferdinandsson</i>	Form. forgj.nefndar. <i>Kristján Stefánsson</i>
Varamenn.	<i>Hinrik Árni Bóasson</i> <i>Ellert Hauksson</i>	Skoðunarmenn reikn. <i>Finnur Baldursson</i> <i>Steingrímur Jóhannesson</i>

Sumarið 2015 var frekar rólegt og starfsemin með minnsta móti. Veður var frekar óhagstætt og gestakomur á völlinn því frekar litlar framan af sumri en skárrí seinnipartin.


Aðeins eitt opið móti var haldið á árinu þ.e. Golf og Gufa, einnig voru haldin tvö innafélagsmóti, firmakeppni og meistaramót, þáttaka í móti ársins var frekar lítil. Eru þeim fyrirtækjum sem studdu okkur við mótaþald og allt okkar starf færðar bestu þakkir fyrir stuðninginn.

Fengin var verktaki frá Egilstöðum til að tappagata og sá í allar flatir og teiga, klúbbmeðlimir sáu svo um að sanda yfir á eftir. Þessi aðgerð tókst nokkuð vel og þarf að halda áfram uppbyggingu á flötum og teigum á næstu árum.

Að lokum vil ég þakka meðstjórnendum og öðrum félögum fyrir samstarfið á árinu og vona að árið 2016 verði gott fyrir GKM.

Kristján Stefánsson formaður.

Hestamannafélagið Grani



Árið 2015 hefur verið skemmtilegt og uppbyggjandi fyrir félagið okkar.

Við héldum ísmót, með um 40 þáttakendum, vorum með lið í KEA deildinni á Akureyri.

Við fengum reiðkennslu fyrir þá sem vildu reglulega yfir veturninn.
Völlurinn okkar úti er nær tilbúinn, æskulýðsnefndin hefur haldið utanum


12 námskeið úti og inni með góðri þáttöku,

Einnig snöruðum við saman mannskap og settum saman sýningu og fórum með á Fákar og fjör inná Akureyri

Við buðum fötluðum úr miðjunni á hestbak

Við héldum fjölskyldudag með Þjálfaþar sem mættu um 100 manns.

Teymdum undir börnum í leikjaskóla Völsungs í 2 daga í sumar og á 17. Júní.



Sýndum gæðinga og járnigar á Mærudögum.

Málþing um samstarf við Þjálfa og Feyki með þá niðurstöðu að formenn félaga ætla að tala sig saman um viss sameiginleg verkefni.

Ekki má gleyma að minnast á reiðhallarballið sem haldið var um Mærudag sem tókst í alla staði vel, og fjárofluðum við fyrir 700 þús, sem rann til Bústólpahallarinnar.

Fákafjör tókst vel sem og uppskeruhátið æskulýðsstarfsins.

Við mættum líka vel í grillveislu, súpuveislu og fiskiveislu sem voru mjög bragðgóðar, og gáfu vel af sér, starfinu okkar til stuðnings, takk fyrir það.

Árlegt jólabingó Grana var haldið 30. Des, það er mikilvæg fjároflun, og var vel sótt að venju.

Auk félagsmanna sem kepptu á ýmsum sterkum mótum undir okkar merkjum með góðum árangri.



Það er gaman að nefna að um 10 nýjir félagsmenn hafa bæst í félagið í ár.

Af Grána ehf er það að fréttu að Grani á nú 75 % í höllinni, sem stendur nokkuð skuldraus í dag, eftir mikið átek i fjároflun, höllinni til stuðnings og er algjör samstaða milli hestamannafélaganna 2 um að reka höllina saman.



Ef ekki væri fyrir alveg frábæra öfluga félagsmenn, þá hefði ekkert af þessu orðið að veruleika.

Í Grana er líflegt starf, sem veltur þó allt á félagsmönnum, því félagið er eins öflugt og félagsmenn sjálfir.

Námskeiðshald var fjölbreytt og flestir gátu fundið eitthvað við sitt hæfi, sem er mikilvægt tæki til að vaxa í íþróttinni.

Með kveðju

Lilja Hrund Harðardóttir

Formaður Hestamannafélagsins Grana á Húsavík

Hestamannafélagið Snæfaxi.



Starfsemi Snæfaxa árið 2015 var með minna móti en venjulega sem um má kenna slæmu tíðarfari. Mótahald hér hjá okkur er háð veðri þar sem reiðhöllin rúmar ekki nema afar lítil móti þó svo hún sé frábær til kennslu.

Árið hófst á því að haldið var reiðnámskeið með stórknapanum og reiðkennaranum Þórarni Ragnarsyni í Kaplaborg, reiðhöllinni á Gunnarsstöðum. Námskeiðið var vel sótt og tókst í alla staði vel. Þórarinn er Snæfaxa félagi ættaður frá Gunnarsstöðum þó hann sé búsettur á suðurlandi og helsti afreksknapi okkar snæfaxa manna með Landsmótssigur á sinni afrekaskrá ásamt fleiru.

Um miðjan Janúar var svo haldin folaldasýning í Kaplaborg á Gunnarstöðum. Tókst hún vel og þáttaka ágæt þó stundum hafi fololdin verið fleiri.

Ísmót sem halda átti í febrúar frestaðist fram í endaðan mars og endaði á að verða hálfgert drullumót því enginn var ísinn. Mótið var haldið á gömlu flugbrautinni á Sauðanesi og var með frekar frjálslegu sniði í stíl við aðstæður. Engu að síður var mótið afar skemmtilegt og þáttakendur gerðu sitt besta þó skemmtilegra hefði verið að ríða á ís en drullu.

Hlíindi mars og apríl mánaða fylltu menn bjartsýni um að sumarið og vorið yrði snæfaxamönnum vinveitt. Slík var ekki raunin. Maí reyndist erfiður hestum og mönnum með kulda og snjókomu sem náði inn í miðjan júní.

Veðrið hafði það í för með sér að firmakeppni sem venjulega er haldin hér 17.júní frestaðist fram í miðjan júlí ásamt því að þeir knapar sem stefndu á fjórðungsmót austurlands fengu undanþágu til að sleppa úrtökum fyrir FM og leyfi stjórnar til að mæta beint á FM austurlands.

Á Fjórðungsmót mættu knaparnir Reynir Atli Jónsson, Águst Marinó Ágústsson og Þórarinn Ragnarsson í flokki fullorðina. Einungis einn unglingsur sá sér fært að fara , Agnar Ingi Rúnarsson.

Árangurinn á FM var frábær, þrátt fyrir að vont reiðfæri og aðstæður til þjálfunar á vormánuðum.

Agnar Ingi gerði sér lítið fyrir og vann unglingsflokkinn og er einn örfáa sem hafa unnið bæði barna og unglingsflokk á Fjórðungsmóti.

Reynir Atli reið sig til úrslita í bæði A og B flokki gæðinga þar sem hann endaði fjórði. Þórarinn var annar í 100m skeiði.

Glæsilegur árangur og sá besti sem Snæfaxamenn hafa náð á stórmóti.

Firmakeppnin var svo loks haldin um miðjan júlí í kalsaskít og leiðindaveðri. Eins og á Ís/drullumótinu gerðu menn þó sitt besta til að halda gott móti og tókst það þokkalega þó sólina hafi vantað. Sigurvegari var Katharina Winter á Lilju frá Gunnarstöðum.

Bæjarkeppni sem átti að vera í Águst féll niður vegna dræmrar þáttöku sem rekja má til skítviðris helgina sem mótið var sett á.

Sameiginleg hestaferð Snæfaxamanna var svo farin í endaðan Águst. Riðið var frá Tunguseli og riðið í gangnakofa í Tunguselsheiði. Ferðin var fin og aldrei þessu vant var veðrið alveg hreint út sagt dásamlegt. Þó nokkur fjöldi af unglingum fór í ferðina og fer það vel við markmið snæfaxa að reyna með öllum ráðum að efla æskulýðsstarfið.

Á haustmánuðum hófst kennsla í Grunnskólanum á Þórshöfn í knapamerkjum. Þáttaka er mjög góð eða 9 nemendur. Pégars þetta er skrifð hafa þau þreytt bóklegt próf sem þau öll stóðust með glans og verkleg kennsla fer að hefjast á næstu vikum.

Annars var starf snæfaxa heldur rólegt þetta árið þó árangurinn í keppni hafi verið frábær.

Árið 2016 fer samt vel af stað ísmót í uppsiglingu á ís en ekki drullu, kennsla við knapamerki hafin sem mun stórbæta æskulýðsstarfið og við fyrstu sýn virðist ætla að fjölgia í félaginu sem er hið besta mál.

Fh.Stjórnar Snæfaxa:

Reynir Atli Jónsson

Hestamannafélagið Þjálfi



Æskulýðsnefndin var með reiðnámskeið í apríl fyrir krakka.

Félagsmenn tóku þátt í Bellutölti á Akureyri í maí

Kvenna- og karlareiðtúrar voru í júní á vegum félagsins og var riðinn hringur út frá Hraunkoti í Aðaldal.

Fjórðungsmót á austurlandi var í júlí - áttum við fulltrúa þar- og riðum til verðlauna.

Einarsstaðamótið var haldið aðra helgi í ágúst eins og hefð er, firmakeppnin einnig haldin í ágúst.

Haldnir voru 2 félagsfundir, aðalfundur og nokkrir stjórnarfundir á árinu.

Í nóvember fóru 2 fulltrúar Þjálfa á formannafund sem haldinn var í Reykjavík.

Ennig hefur verið fundað nokkrum sinnum í sameiginlegu félagi Þjálfa og Grana sem heitir Gráni ehf, er heldur utan um Bústólþahöllina í Saltvík

Íþróttafélagið Völsungur



Árið 2015 var mjög gott ár hjá Völsung, góður árangur náðist innan vallar sem utan. Ég fer í skýrslu þessari gróflega yfir starfsemi Völsungs á árinu 2015.

Aðalstjórn Völsungs:

Aðalfundur Völsungs var haldinn í maí og varð ein breyting á stjórninni. Lúðvík Kristinsson ákvað að gefa ekki lengur kost á sér en hann sat í aðalstjórn þó nokkuð mörg ár, aðalstjórn þakkar honum fyrir vel unnin störf innan aðalstjórnar. Völsungur nýtur enn starfa Lúlla en hann þjálfar krakkablak. Heiðar Hrafn Halldórsson kom nýr inn í stjórnina og bjóðum við hann velkominn til starfa. Stjórnina skipa Guðrún Kristinsdóttir formaður, Þóra Kristín Jónasdóttir gjaldkeri, Elín M. Gunnsteinsdóttir ritari, Rannveig Þórðardóttir og Már Höskuldsson meðstjórendur og Heiðar Hrafn Halldórsson og Viðir Svansson varamenn.

Á árinu 2015 hefur aðalstjórn rekið vellina, verið með sumarskóla fyrir börn, haldið utan um opna tíma í Höllinni á laugardögum, boðið upp á kaffi í vallarhúsinu á þriðjudögum og fimmtudögum, haldið úti góðri heima- og facebókarsíðu þar sem helstu fréttir eru birtar.

Unnið var að því á árinu að Völsungur yrði fyrirmyn darfélag ÍSÍ og fékk félagið þá viðurkenningu í heild sinni ásamt 10 deildum við hátiðlega athöfn sem haldin var í Miðhvammi þriðjudaginn 29. desember.

Aðalstjórn hefur yfirumsjón með þrettánanum, 17 júní, að kveikja á jólatrénu og áramótabrennunni.


Í lok desember verðlaunaði Völsungur íþróttafólk sitt í skemmtilegri athöfn sem haldin var í Hvammi. Og voru þau Bergur Jónmundsson og Hafrún Olgeirs dóttir valin íþróttafólk Völsungs fyrir árið 2015.

Íþróttaskóli Völsungs:

Íþróttaskólinn er starfræktur innan félagsins með tvo hópa yngri og eldri barna. Um 60 krakkar á aldrinum 3-5 ára mæta á laugardögum í skemmtilega hreyfingu. Reynt hefur verið að virkja foreldra til þátttöku enda teljum við þetta eiga að vera ánægjulega stund barns og foreldra. Í veturn hafa nemendur á afreksbraut FSH aðstoðað okkur við kennsluna.

Fimleikar:

Krakkar á aldrinum 5-16 ára æfa fimleika tvisvar í viku í fjórum hópum. Fjöldi iðkenda hefur verið svipaður og undanfarin ár, milli 50-60 krakkar. Á árinu hafa tveir iðkendur komið frá Mývatnssveit til að stunda æfingar. Við höfum náð samstarfi við Fimleikafélag Akureyrar um að fá af og til gestaþjálfsara og eins að fá að mæta á æfingar hjá þeim. Þetta er mikil lyftistöng fyrir okkur og krakkarnir ánægðir með þessa tilbreytingu.



Handknattleikur:

Á árinu hafa verið starfræktir 4. og 5. flokkur karla, 7. - 8 og 6 flokkur kvenna. Strákarnir í 5 flokki tóku þátt í Alaborgarleikunum í Danmörku. Hið árlega Húsavíkurmót í handbolta var haldið helgina 24-26 apríl en mótið er hluti af Íslandsmóti í 6 flokk kvenna. Mótið er fastur liður í Íþróttálfínu hér á Húsavík og leggur fjárhagslegan grunn að starfi deildarinnar.



Blak:

Um 50 manns stunda blak í flokki fullorðina og 30 krakkar æfa krakkablak. Krakkablakið er mjög öflugt og eru blandaðir hópar af strákum og stelpum sem æfa með 4 og 5. flokki. 10 stelpur eru komnar í 3 flokk og keppa þær á lögglegum blakvelli. Í sumar fóru svo stelpur fæddar 2001 og 2002 til Álaborgar í Danmörku og tóku þátt í Álaborgarleikunum. Öldungamót BLÍ var haldið á Neskaupsstað 30. apríl- 2. maí. Völsungur fór með sex lið þar af eitt karlalið. Þrjú liðanna fóru á verðlaunapall.

Boccia:

Árið byrjar að venju með Opna Húsavíkurmótinu í Boccia en það var haldið í febrúar. Að því loknu er húsvískt Íþróttafólk heiðrað fyrir frammistöðu og Íþróttamaður Húsavíkur kjörinn sem var Kristbjörn Óskarsson bocciamáður. Boccialið Völsungs tók þátt á móttum á vegnum Í.F víða um land og stendur sig ávallt mjög vel. Iðkendum í boccia hefur fjölgað verulega í hópi eldri borgara og vel gengur með krakkahópinn.



Sund:

Sunddeild Völsungs stendur fyrir æfingum bæði á Húsavík og Laugum. Í mars stóð sunddeildin fyrir æfingabúðum á Laugum. Krakkarnir taka þátt í nokkrum móturnum á svæðinu og einnig fara þau elstu suður til að keppa. Í júní stóð sunddeildin fyrir leikskólasundi og tóku um 70 krakkar þátt í því námskeiði.

Skíðaganga:

Það er orðinn mikill fjöldi fólks sem stundar skíðagöngu hér á Húsavík. Stærsta verkefni ársins var Orkugangan sem haldin var 18 apríl. Nokkrir félagsmenn tóku þátt í göngukeppnum víðs vega um landið. Þó nokkur gróska hefur verið meðal yngri þátttakenda og mun það eflast enn frekar samhlíða uppbryggingu á svæðinu á Reykjaheiðinn.



Knattspyrna

Meistaraflokkar:

Árið var gott hjá meistaraflokum í knattspyrnu. Meistaraflokkur kvenna lék í 1. deild og vann sinni riðil með miklum yfirburðum. Liðið mætti FH í úrslitakeppni um laust sæti í pepsi-deild kvenna og bæði lægri hlut í tveimur leikjum. FH hélst svo áfram og tryggði sig upp í pepsi-deildina. Þjálfari á árinu var Róbert Ragnar Skarphéðinnsson og var Hafrún Olgeirs dóttir leikmaður kósins íþróttakona Húsavíkur fyrir árið 2015.




Meistaraflokkur karla lék í 3. deild karla og var Páll Viðar Gíslason þjálfari liðsins. Meistaraflokkur karla fór erfiðlega af stað í deildinni en þegar fór að líða á virtist liðið vera óstöðvandi í deildinni. Liðið endaði í 2. sæti í deildinni sem tryggði liðinu þáttökurétt í 2. deild sumarið 2016.

Knattspyrnu sumarið var því virkilega gott fyrir meistaraflokká á árinu. Árangur var góður og spilamennska skemmtileg. Liðin voru að lang stærstum hluta skipuð heimamönnum sem gerir árangurinn enn skemmtilegri.

Yngri flokkar knattspyrnu:

Í yngri flokkum Völsungs í knattspyrnu stunduðu að jafnaði 200 iökendur knattspyrnu á árinu. Yngri flokkar voru með skráð átta lið í íslandsmóti frá 2. flokk og niður í 6. flokk. Einnig tóku 7. og 8. Flokkur þátt í móti sem voru í boði í nágrenni Húsavíkur. Árið var gott fyrir yngri flokka bæði innan sem utan vallar. Á haustdögum ákvað barna- og unglingsaráð, sem rekur yngri flokka Völsungs, að ráða yfir þjálfara yngri flokka. Unnar Þór Garðarsson var ráðinn yfirþjálfari og hefur sinnt því starfi frá 1. október.



Bardagaíþróttir

Á aðalfundi Völsungs í maí var samþykkt nafnabreyting á karatedeildinni og henni breytt í bardagadeild Völsungs. Í veturn eru æfingar stundaðar í TaeKwonDo og eru bæði stelpur og strákar sem leggja stund á þessa grein bardagaíþróttar hérna á Húsavík. Farið var á fyrsta mótið sem haldið var á Selfossi og stóðu krakkarnir sig mjög vel.



Karfa

Rúmlega 30 börn æfa körfu og er þeim skipt niður í þrjá aldurshópa. Allir hóparnir æfa tvisvar í viku undir stjórn Áslaugar Guðmundsdóttur.

Að lokum vil ég þakka Norðurþingi, öllum þeim fyrirtækjum og einstaklingum er styrkja félagið á einn eða annan hátt. Einnig þakka ég foreldrum, þjálfurum, stjórnarmönnum allra deilda, aðalstjórn félagsins og bókara ásamt framkvæmdastjóra félagsins fyrir þeirra störf fyrir félagið án alls þessa fólks væri enginn starfsemi hjá féluginu.

Guðrún Kristinsdóttir

Formaður Völsungs

Íþróttafélagið Magni Grenivík.



Starf íþróttafélagsins Magna var með svípuðu sniði og undanfarin ár. Fótboltinn hefur verið aðal íþróttagreinin og lítil breyting verið þar á. Magni hefur kappkostað að senda lið í yngri flokkum á móti og 2. flokkar tóku þátt á íslandsmóti á s.l ári. 6 og 4. flokkur tóku þátt með ágætum árangri en þó rétt náðum við að klára mótið í 4 flokki, þar sem að flestir þátttakendur eru einnig að æfa og spila með Þór og KA á Akureyri. Meistaraflokkur félagsins spilaði í 3 deild s.l sumar og náði inn í 16 liða úrslit bikarkeppni KSÍ, en það er besti árangur í sögu félagsins. Ekki gekk eins vel í deildarkeppninni og

var liðið í mikilli fallhættu lengi vel, en náði á lokaspættinum að forðast fall í 4 deild. Frjálsar íþróttir hafa verið stundaðar á sumrin og hefur þátttaka verið góð og verður því starfi haldið áfram. Einnig var gerð tilraun með blak hjá krökkunum og heppnaðist fyrri veturninn vel og því var ákveðið að halda áfram í vetur. En því miður fór svo að mikil fækkan varð á þátttöku, aðalega vegna þess að krakkarnir eru í fleiri íþróttagreinum sem eru stundaðar á Akureyri, þannig að um áramót var ákveðið að gefa blakinu frí. Að minnsta kosti fram á haust. Íþróttafélagið Magni verður 100 ára á næsta ári (2015) og verður blásið til mikilla hátfðarhaldar. Stefnt er að því að afmælishátið verði hin veglegasta og þegar er hafinn undirbúningur fyrir veisluhöldin.

F.H Magna

Þorsteinn Þormóðsson

Formaður

Mývetningur - Íþróttá- og ungmenafélag



Um áramótin voru skráðir félagar í Mývetningi 197 og megum við vera stolt af þessum fjölda í ekki stærra sveitarfélagi. Í stjórn félagsins sátu Ólöf Þuriður Gunnarsdóttir (formaður), Soffia Kristín Björnsdóttir (ritari), Margrét Halla Lúðvíksdóttir (gjaldkeri), Sigurbjörn Reynir Björgvinsson (meðstjórnandi), Gunnar Atli Friðuson, (meðstjórnandi). Haldnir voru átta stjórnarfundir á árinu og einn aðalfundur. Einnig fóru nokkrir

stjórnarmeðlimir á fund með stjórn HSP en þau vildu hitta öll aðildarfélög sín á svæðinu og áttum við gott spjall saman.

Í janúar til maí vorum við með íþróttæfingar fyrir grunnskólanemana og buðum upp á fótbalta tvisvar í viku, var Jón Friðriksson þjálfari og krakkablað einu sinni í viku og var Soffia Kristín Björnsdóttir þjálfarinn. Einnig héldum við áfram í samstarfi við grunnskólann með íþróttaskólann, sem er fyrir nemendur í 1. – 4. bekk, Mývetningur lagði til kennarann og skólinn gæslu, var þetta einu sinni í viku, tvær kennslustundir í senn, kennari var Soffia Kristín Björnsdóttir.

Skíðaæfingar voru ekki margar á þessum vetri því veðrið var frekar leiðinlegt, við fengum Lindu Björk Árnadóttur til að fara á þjálfara-námskeið og vera þjálfari hjá okkur og var hún mjög áhugsöm. Mikill áhugi var hjá mjög ungu krökkum og foreldrum þeirra og var góð mæting þá daga sem veður var skaplegt. Eldri krakkar voru nokkuð dugleg að mæta á æfingar hjá Skíðafélagi Akureyrar, en þar vorum við meir en velkomin og þökkum við kærlega fyrir það. Tveir iðkendur fóru á öll mótt sem í boði voru fyrir 12 ára, t.d. Unglingameistaramót í Bláfjöllum og Jónsmót á Dalvík. Sex krakkar kepptu á Andrés.

Blakáhugafólk hélt áfram að æfa og fór á nokkur mótt þar með talið Öldungamótið í blaki sem haldið var á Neskaupsstað þetta árið. Við fórum með tvö lið sem kepptu í 11. og 13. deild og gekk þeim ágætlega. Þau héldu sér í sínum deildum og viljum við óska þeim til hamingju með þennan frábæra árangur. Það er ótrúlegt að í ekki stærra sveitarfélagi æfir rúmlega 4% sveitarfélagsins blak. Það samsvarar því að á Akureyri væru 740 iðkenndur.

Í glímunni hélt Einar Eyþórsson uppi heiðri okkar og tók þátt í flestum móttum vetrarins. Einnig fór hann til Skotlands og tók þar þátt í móti.

Um páskana héldum við páskabingó og gekk það vel eins og alltaf.

Á vormánuðum var byrjað á því að skipuleggja Mývatnsmaraþonið sem hefur verið haldið síðustu 20 árin og hefur Mývetningur alltaf verið þátttakandi í framkvæmd þess. Þetta árið var góð þátttaka og fengu okkar fólk það ábyrgðahlutverk að starta hlaupunum. Það er gaman að segja frá því að Robert Olsen og Bruce G Swanson frá Oregon í Bandaríkjum ferðuðust til Íslands og hlupu í maraþoninu í tilefni af 70 ára afmæli Bruce. Þeir eru miklir reynsluboltar þegar kemur að hlaupum en Bruce var að hlaupa 144. maraþonið sitt og Robert sitt 87. maraþon.

Við héldum sundnámskeið í tvær vikur í sumar og var það vel sótt, þjálfari var Soffia Kristín Björnsdóttir og Ólöf Þuriður Gunnarsdóttir aðstoðaði. Einnig vorum við með leikjanámskeið 2x í viku og var Kristinn Björn Haraldsson þjálfari. Það var misvel sótt en Kristinn var ótrúlega jákvæður og var með leikjanámskeið fram að verslunarmannahelgi.

Fótboltaiðkendurnir okkar héldu áfram að æfa eins og þeir hafa gert undanfarin sumur og kepptu í utandeildinni. Æfingarnar gengu þokkalega og var mætingin ágæt. Gengið var ekki eins gott og í

fyrra en samt gott og enduðu þeir í fimmta sæti í deildinni og komust í undanúrslit í bikarnum. Þetta er góður árangur og óskum við þeim til hamingju með hann.

Um haustið var svo komið að því að skipuleggja æfingar vetrarins og var formaður búinn að spyrjast fyrir varðandi blakþjálfara fyrir veturinn og sýndi Jóna Kristín Gunnarsdóttir áhuga að þjálfa okkur og réðum við hana. Þetta var mikill happafengur fyrir blakiðkendur og eru þeir, jafn og við, ánægðir með þessa ráðningu. Í framhaldi voru svo keyptir 10 nýir blakboltar til að styrkja starfið enn meira.

Ákveðið var að vera með fótbaltaæfingar 1x í viku og var Jón Friðriksson til í að þálfu.

Einnig var ákveðið að bjóða upp á borðtennis og badminton en það er kennt á sömu æfingunni og sér Jóhanna Jóhannesdóttir um þjálfunina. Æfingarnar hafa verið misvel sóttar en halda samt áfram. Einnig var haldið áfram með íþróttaskólann eins og verið hefur undanfarin ár nema Jóhanna Jóhannesdóttir þjálfæði.

Í október ákváðum við svo að prófa að bjóða upp á fimleika og sá Marge Neissar um þjálfunina og voru æfingar fram í desember.

Í desember héldum við svo jólabingó og eins og oft áður var það vel sótt.

Núna er upptalið það sem við höfum gert á árinu og núna horfum við fram á veginn og finnum ný tækifæri og reynum að bæta og auka íþróttaiðkun félaga okkar.

Ólöf Þuríður Gunnarsdóttir

Skákfélagið Huginn



Starfssemi skákfélagsins Hugins var viðburðarík á árinu 2015. Hápunktur árins var þó án efa þegar fyrsti Íslandsmeistaratill félagsins náðist í hús, en A-lið félagsins sigrði í 1. deild á Íslandsmóti Skákfélaga sem haldið var í Reykjavík í mars. B-lið félagsins tók einnig þátt í 1. deild og náði þeim árangri að halda sæti sínu í deildinni. Alls sendi félagið átta lið til keppni á íslandsmótinu í öllum deildunum fjórum og tefldu meira en 60 skákmenn fyrir félagið á mótinu.

Janúarskákmótið er nýtt móti sem haldið var í janúar. Keppt var í tveimur átta manna riðlum á Húsavík, Laugum og á Vöglum í Fnjóskadal og síðan var haldin sérstök úrslitakeppni. Þar stóð Tómas Veigar Sigurðarson uppi sem sigurvegari. Í kjölfar þessa móts náðu allir virkir skákmenn félagsins þeim árangri að komast inn á Fide-skákstigalistann, sem ekki voru þar fyrir.

Skákþing Hugins fór fram í febrúar en á því móti tóku 12 skákmenn þátt. Rúnar Ísleifsson varð skákmeistari Hugins árið 2015 og Jón Aðalsteinn Hermannsson varð skákmeistari Hugins í flokki 16 ára og yngri.

Tómas Veigar Sigurðarson vann sigur á páskaskákmóti Hugins sem haldið var 29 mars. Níu keppendur tóku þátt í mótinu og vann Tómas allar sínar skákir. Árangur Tómasar var sérlega góður í því móti og var hann metinn á rúmlega 2400 eló-skákstig.

Smári Sigurðsson varð héraðsmeistari HSÞ í skák í fullorðinsflokki en það móti fór fram á Laugum í Reykjadal á sumardaginn fyrsta. 11 keppendur tóku þátt í því móti.

Skólaskákmót, sýsluskákmót og kjördæmismót í skólaskák voru haldin í héraði eins og öll undanfarin ár. Nú bar svo við að einn keppandi úr héraði vann sér keppnisrétt á Landsmótinu í skólaskák sem fram fór á Selfossi í byrjun maí. Það var Jón Aðalsteinn Hermannsson sem keppti á því móti og náði þar 10. sæti af 14 keppendum. Jón var þar með fjórði keppandinn úr Þingeyjarsýslu til að vinna sér keppnisrétt á landsmótinu á undanfönum 20 árum.

Hið árlega útiskákmót félagsins féll niður þetta árið þar sem aldrei viðraði nógu vel til þess að halda það móti.

Huginn átti sex keppendur af tólf sem tóku þátt í landskeppni við Færeyinga sem fram fór í ágúst mánuði á Laugum og á Akureyri. Huginsmenn stóðu sig vel og fengu fleiri vinninga en andstæðingarnir. Landskeppnin tapaðist þó naumlega þar sem keppendur frá Akureyri sem skipuðu hinn helming af liði Íslands, stóðu sig ekki eins vel.

Elsa María Kristínardóttir varð efst af Huginsmönnum á Framsýnarmótinu sem haldið var í september. Áskell Örn Kárason frá Akureyri vann sigur á mótinu.

15 mín skákmótið fór farm í nóvember og varð Tómas Veigar Sigurðarson hlutskarpastur annað árið í röð.

Héraðsmót HSÞ í skák fyrir 16 ára og yngri fór fram í desember. Mótið var ágætlega sótt en 16 krakkar tóku þátt í því. Kristján Davíð Björnsson varð héraðsmeistari í flokki 16 ára og yngri. Ari Ingólfsson varð héraðsmeistari í flokki 12 ára og yngri og Ingþór Ketilsson varð héraðsmeistari í flokki 8 ára og yngri.

Hraðskákmót Hugins fór fram í desember. Tómas Veigar Sigurðarson vann það móti með fullu húsi vinninga. Stefán Bogi Aðalsteinsson vann sigur í flokki 16 ára og yngri. Alls tóku átta keppendur þátt í því móti.

Sl. haust var tekin upp sú nýbreytin hjá félaginu að reikna flestar skákæfingar til fide-skákstiga. Gafst það ágætlega og nú er svo komið að allir virkir skákmenn í félaginu eru búnir að vinna sér inn Fide-hraðskákstig og Fide-atskákstig, utan hefðbundina Fide-skákstiga. Öll skákmót sem félagið heldur eru reiknuð til skákstiga, fyrir utan, heraðsmót barna, skólamót og sýslumót í skák.

Skákkensla fyrir börn og unglings var með miklum krafti á árinu 2015. Skákkensla fór fram í Íþróttahúsin á Laugum, í Stórutjarnaskóla og í aðstöðu félagssins í Túni á Húsavík. Um 30 krakkar sóttu skákkenslu hjá félaginu á liðnu ári þegar mest var.

Hermann Aðalsteinsson formaður skákfélagsins Hugins.

www.skakhugginn.is

Skotfélag Húsavíkur



Árið 2015 var ár mikilla uppbyggingar á svæði félagsins. Riffihús félagsins var reist og tekið með formlegum hætti í notkun fyrstu helgina í júni. Var það gert við hátíðlega athöfn þar sem helstu stuðningaðilar verkefnisins skutu fyrstu skotunum. Síðan hófst riffilmót sem stóð yfir laugardag og sunnudag og keppt í þremur flokkum riffla. Stór hópur keppnismanna frá

Akureyri, Egilsstöðum, Reykjavík, Akranesi og suðurnesjunum mættu. Er það samdóma álit þessara manna að hér hafi verið um eitt það sterkast riffilmót sem haldið hefur verið hér á landi. Í þessum hópi eru núverandi og nokkrir fyrrverandi íslandsmeistarar í Benchrest. Skyttur mættu dagana fyrir mótið, æfðu sig og hjálpuðu okkur að síðustu metrunum að klára vinnu við skotbattana. Allir kátir og allur fyrri ágreiningur lagður til hliðar. Haldin voru nokkur önnur riffilskotmót á árinu í öllum flokkum og þar á meðal nýr flokkur BR50 sem er keppni með 22 cal. Rifflum Og í samvinnu við STI var ísland skráð í alþjóðasamtök BR50 og því ekkert því til fyrirstöðu að halda keppnir og íslandsmeistaramót undir þeirra merkjum og slá svo sem eins og eitt og eitt heimsmet þar. Þá sótti félagið um að fá að halda íslandsmeistaramótið í Benchrest fyrir árið 2016 og er skammt frá því að segja að sá áfangi náðist og er það enn ein skrautfjöðurin í hatt félagsins. Þá var haft samband við BART framleiðanda keppniskúlna í USA og hann ætlar að gefa kúlur í verðlaun á íslandsmeistaramótinu í haust. Önnur starfsemi á svæði félagsins var með allra minnsta móti og ekki nema 1 móti haldið í Skeet og skeetvöllurinn lítið notaður. Skráningar fyrir skotnar dufur voru afar lélegar svo vægt sé til orða tekið og ef svona á að standa að þeim málum að ekki sé hægt að treysta mönnum, þá er betra að hafa skeetvöllin lokaðan þangað til aðilar finnast til að sjá um skeetvöllin og bera ábyrgð á rekstri hans fyrir hönd félagsins. Það verður ekki liðið eða leyft að menn æfi sig og skjóti þarna eftirlitslaust framar.

Fjároflun félagsins ber helst að nefna gæslu á mærudögum, próftaka fyrir hreindýraskytturn og svo verklega hlutann á skotvopnanámskeiði UST. Þakka ég öllum þeim er að þessum verkefnum komu fyrir þeirra framlag því þetta er féluginu mikils virði.

Í vondu verðri sem skall á um miðjan febrúar, varð félagið fyrir því tjóni að annar turninn á skeetvellinum fauk um koll og skemmdist verulega ásamt að kastvélum sem í honum var eyðilagðist. Félagið var tryggt fyrir tjóninu en ber samt kostnaðinn af sjálfsábyrginni sem er töluberð eða rétt um 200.000. Turnar voru teknir niður og endursmíðaðir og ný kastvél keypt sem nú bíður uppsetningar.

Um miðjan nóvember var svo haft samband við okkur varðandi lokun á rifflsvæðinu vegna framkvæmda í grjótnámu sem er austan skotbrautar. Þessi lokun stendur enn yfir og er unnið að lausn mála í samstarfi við alla aðila sem að málín koma eða Norðurping, vegagerðin, Landsnet og LNS. Ræðum þetta frekar undir önnur mál.

Rætt var við fulltrúa PCC um að fá efni til uppfyllingar í laut og hækkan á vegi að riffilaðstöðunni og var því tekið jákvætt. Þetta sparar féluginu pening sem annars hefði farið í þessa framkvæmd. En eithvað virðast menn ósáttir við þetta og komu furðulegar athugasemdir varðandi málid.

Húsavík 7. Febrúar 2016

Fyrir hönd stjórnar Skotfélags Húsavíkur

Kristján R. Arnarson

UMF Austri.



Ekki var hægt að hafa reglulegar æfingar í sumar þar sem ekki gekk að fá þjálfara. Birna Björnsdóttir fór með börn og fullorðna í nokkur skipti upp á völl á frjálsíþróttæfingar.

Blakæfingar hjá fullorðnum hófust í lok árs 1 til 2x í viku. Ágæt þátttaka hefur verið.

Körfuboltaæfingar hafa verið fyrir grunnskólabörn frá hausti, þjálfari er Michal May-Majewski.

Þátttaka á mótum

Lítil þátttaka var á Ásbyrgismótinu í júlí en þeir sem tóku þátt stóðu sig afar vel.

Friðrik Þór Ragnarsson tók þátt í fótbalta og handbolta á ULM á Akureyri.

UMF Austri átti einnig fulltrúa á Landsmóti 50+ á Blönduósi, Róbert Þorláksson. Hann var með gull í kúlu, kringlu, spjóti og lóðkast í aldursflokknum 70 – 74 ára.

Aðalfundur og stjórn

Aðalfundur var haldinn 2. mars. Ekki var góð mæting en það tókst að skipa stjórn og eru það:

Birna Björnsdóttir formaður

Olga Friðriksdóttir gjaldkeri

Karíta Ríkharðsdóttir ritari

Nanna Steina Höskuldsdóttir

Ragnar A. Jóhannsson

Annað

UMF Austri sendi two fulltrúa á Ársþing HSÞ sem haldið var 15. mars í Skúlagarði, Birnu Björnsdóttur og Olgu Friðriksdóttur.

Í tilefni af hreyfidegi fékk UMF Austri Félag eldri borgara á Raufarhöfn, FER, til að bjóða íbúum að taka þátt í botsía í íþróttahúsini og Olga Friðriksdóttir sá um sundleikfimi.

UMF Austri hafði umsjón með hinu árlega kvennahlaupi sem haldið var laugardaginn 13. júní. Þátttakendum var boðið að fara frítt í sund seinna sama dag.

UMF Austri sá um hátiðarhöld á 17. júní. Seldar voru blöður, farið í leiki og fleira gert til gamans.



UMF Austri ásamt foreldrafélaginu Velvakanda leigðu hoppukastala þegar skólinn var settur í ágúst. Vakti þetta mikla lukku og bæði börn og fullorðnir skemmtu sér vel.

Eins og undanfarin ár hafa eldri borgarar á Raufarhöfn verið mjög duglegir að mæta í íþróttahúsið og hreyfa sig saman.

Fyrir hönd UMF Austra,

Birna Björnsdóttir og Olga Friðriksdóttir

Umf. Bjarmi



Aðalfundur Bjarma 2015 var haldinn í Gamla Barnaskólanum í Skóum þann 1. apríl og var mjög góð mæting á fundinn.

Stjórn Bjarma skipa Birna Davíðsdóttir formaður, Helen Jónsdóttir ritari og Jón Þór Óskarsson gjaldkeri.

Nú á vordögum 2016 verður nefndarskipun endurskoðuð en skipað er í nefndir Bjarma á tveggja ára fresti. Frá maí 2014 hafa formenn nefnda verið þessir: Vallarnefnd Ketill Tryggvason, Knattspyrnunefnd Jóhannes

Kristjánsson, Húsnefnd Jón Þ. Óskarsson, Ferðaþjónustunefnd Sigríður Karlsdóttir, Ferðanefnd Sigrún Jónsdóttir, Íþróttanefnd Hólmfríður Rúnarsdóttir, Spilanefnd Torfhildur Sigurðardóttir og Ballnefnd Sigurður Freygarðsson.

Ungmennafélagið Bjarmi mætti með sína þrjá fulltrúa á Ársþing HSP sem haldið var í Skúlagarði í Kelduhverfi. Þingið var málefnalegt og upplýsandi fyrir aðildarfélög sambandsins. Þær breytingar urðu m.a. á stjórn sambandsins að nýr formaður Anita Karin Guttesin tók við af fráfarandi formanni Jóhönnu Kristjánsdóttur.

Á þinginu hlaut Torfhildur Sigurðardóttir Brons-merki ÍSÍ fyrir störf sín í þágu Íþróttahreyfingarinnar og Jón Þór Óskarsson fékk Starfs-merki UMFÍ fyrir sín störf í þágu UMFÍ. Þau eru bæði vel að þessum viðurkenningum komin og þökkum við þeim innilega fyrir óeigingjarnt starf í þágu Bjarma í gegnum tíðina.

Að venju var starfsemi Bjarma fjölbreytt á árinu, þriggja kvölda spilavist á vormánuðum, íþróttatæfingar fyrir börn í Stórutjarnaskóla að vetrí, leikjanámskeið að sumri, fótbotli ungmenna, ferðaþjónusta og tiltekt og umhirða vallar en á árinu keypti Bjarmi nýjan sláttutraktór. Þá héldum við hina árlegu Bjarmahátíð, að þessu sinni 13. ágúst, þar sem félagsmenn komu saman og léku sér og áttu góða kvöldstund saman. Þá fjölmenntu félasmenn og velunnarar Bjarma á Bjarmaball sem haldið var í nóvember.

Bjarmafélagar stunda einnig ýmsar almenningsíþróttir s.s. sund, hlaup, göngur, fótbolta, skák, blak, fjallgöngur og akstursíþróttir. Þá er alltaf einhver hópur Bjarmafélaga sem sækir skipulagðar

æfingar á vegum annarra félaga og er Hafdís okkar Sigurðardóttir frjálsíþróttakona þar fremst í flokki en hún er í stöðugri framför og stefnir beina leið til Ríó.

Stjórnin þakkar nefndum Bjarma gott starf á árinu og hvetur félagsmenn sína til að stunda hreyfingu sjálfum sér til skemmtunar heilsueflingar.



Stjórn Bjarma


Umf. Efling



Árið 2015 fór af stað með hefðbundnum hætti þar sem Eflingar-æfingar héldu áfram samhliða Þingeyjarskóla. Boðið var uppá æfingar alla daga frá mánudögum til fimmtudaga fyrir mismunandi aldurhópa og í mismunandi greinum en m.a. var boðið uppá fótbalta, leiki og fimleika. Þátttaka var góð í flest öllum tíum.

Þorrablót Eflingar fór fram um mánaðarmótin janúar/febrúar og var mjög vel sótt að þessu sinni og stóð þorrablóts-nefndin sig mjög vel þar sem skipulagning og framkvæmd var með sóma og skemmtiatriðin stórkemmtileg.

Ársþing HSP var haldið 15. mars og átti Eflingar þar sína fulltrúa. Aníta Karin Guttesen, félagsmaður Eflingar, var þar t.a.m. kjörin formaður HSP.



verkefnaheitinu „Skjaldborg Eflingar“ og var Jonni Stefáns hönnuður fenginn til að útbúa sérstakt lógó með merki Eflingar og lógóum þessara fyrirtækja saman í og þökkum við honum kærlega fyrir það.

Félagsmönnum var boðið uppá að kaupa sér félagsbúninga með lógói skjaldborgarinnar á bringunni og voru yfir 70 búningar pantaðir í fyrstu atrennu. Búið er að gera aðra pöntun sem von er á núna í febrúar 2016.

Efling réð framkvæmdarstjóra á vordögum sem starfaði frá 15. maí til 15. ágúst. Ráðinn var Freyþór Hrafn Harðarson og fólst vinna hans í því að sjá um fótbaltaæfingar og slá golfvöllinn. Auk þess var gerður samningur við leigutakann á íþróttavellinum/tjaldstæðinu um að framkvæmdarstjóri sæi um þrif á vallarhúsi 3 morgna í viku og myndi slá bæði íþróttavöllinn og tjaldstæðið. Þetta samstarf kom vel út og vonandi verður hægt að skapa

Aðalfundur U.m.f. Eflingar var haldinn 8. maí og þá var kjörin ný stjórn félagsins en hana skipa nú þau Andri Hnikarr – formaður, Hanna Sigrún – ritari og Dúna – gjaldgeri auk þeirra Guðmundar Smára og Baldur Danielssonar sem eru varamenn stjórnar.

Í vor var gerður samningur við 3 stórfyrirtæki á svæðinu, Sparisjóð Sþingeyinga, Jarðböðin við Mývatn og Framsýn – Stéttarfélag, um að gerast bakhjarlar félagsins undir



grundvöll fyrir slíku samstafi áfram næsta.

Þann 26. maí var hinn árlegi

„Ruslatýnsludagur“ Eflingar haldinn með yfirskriftinni „Hreinsun og grill“. Óhætt er að segja að gríðalega góð þátttaka var að þessu sinni og var gengið með vegi allt frá Brún og alveg að Hólkoti, auk Austurhliðarvegar, og endaði hópurinn svo á því að grilla saman við Breiðumýri. Ágætis veður var megnið af tímanum og dagurinn hinn skemmtilegasti.

17. júní var haldinn hátíðlegur að vanda með skemmtilegri dagskrá og var fjallkona að þessu sinni Erla Ingileif Harðardóttir.



Efling tók þátt í 2 fótboltamótum síðasta sumar, fyrst á Ólafsfirði og síðan á Húsavík og gekk það mjög vel. Einnig fóru 2 lið til þátttöku á krakkablakmót á haustdögum og stóðu þau sig einnig mjög vel.

Þann 12. júlí runnu í gegnum Þingeyjarsveit hlauparar í Friðarhlaupinu. Nokkrir vaskir félagsmenn Eflingar tóku á móti þeim við Dalakofann og hlupu síðan með þeim út að þorpsmörkum en Þórir Áðalsteinsson hljóp með kynnilinn að gatnamótunum yfir Fljótsheiðina.

Haldið var fyrsta formlega golfmótið hjá Eflingu þann 17. júní eftir að hátfíðarhöldum á íþróttavellinum lauk.

Keppt var í parakeppni og urðu þau Guðmundur Smári og Guðný Þorbergsdóttir hlutskörpust í þeirri keppni.

Einnig var haldið golfnámskeið um miðjan júlí og var Guðmundur Smári fenginn sem þjálfari. Ágætis þátttaka var á námskeiðinu en í heildina nýttu um 10 manns sér þetta námseið.



Bogfimifólk var á faraldfæti allt síðasta ár. Jóhannes Tómasson gerði sér lítið fyrir og varð Íslandsmeistri unglings innanhúss í flokki sveigboga og faðir hann, Tómas Gunnarsson, lenti í 2. sæti í fullorðinsflokki einungis 1 stig á eftir efsta manni. Frábær árangur hjá þeim feðgum sem og öðrum Eflingarmönnum sem á mótinu kepptu. Í sumar varð svo Ásgeir Ingi Unnsteinsson Íslandsmeistari utanhúss í U-18 flokki með sveigboga eftir harða baráttu við Jóhannes sem varð annar. Þeir félagar mættust svo aftur á Unglingalandsmóti UMFÍ á Sauðárkróki og þar endaði Jóhannes efstur, Ásgeir var annar Trístan Blær Karlsson, einnig Eflingarmaður, varð í 3. sæti.

Farið var í það að reyna að starta „tippleik Eflingar“ þegar enski boltinn byrjaði í haust. Ekki náðist að vekja athygli nægilega margra til að hægt væri að halda honum til streytu og hann lognaðist útaf fyrir vikið.

Boðið var uppá frítt Parkour námskeið í nokkur skipti í haust þar sem Brynjar Steinn Stefánsson kenndi krökkum undirstöðuatriðið í þeirri skemmtilegu íþrótt. Um 6 krakkar tóku þátt í því.

Hin árlega félagsvist Eflingar var haldin 27. desember. Þátttaka var mjög góð en um 50 manns tóku þátt og spilað var á 12 borðum. Sigurvegarar urðu þau Birgitta Eva Hallsdóttir og Þórsteinn Rúnar Þórsteinsson.

Að lokum er gaman að geta þessa að nú í janúar 2016 varð Guðmundur Smári Reykjavíkurleikameistari í bogfimi í flokki sveigboga og Tómas Gunnarsson varð í 3. sæti. Glæsilegur árangur hjá þeim félögum.



Umf Einingin.



Árið var nokkuð hefðbundið hjá Einingunni. Í janúar losnuðu þakplötur á Einingarskúnum í miklu roki en nokkrir Einingarfélagar negldu þakið upp á nýtt og enginn skaði varð á skúnum. Þorrablót var haldið í byrjun þorra og var mæting góð. Þrír félagar mættu á ársþing HSP í Skúlagarði. Það voru Jónas Sigurðsson, Sigrún Hringsdóttir og Hulda Elín Skarphéðinsdóttir. Íþróttir eru stundaðar af nokkrum yngri meðlimum Einingarinnar, þau mæta í blak, badminton og fótbaltaæfingar á Stórutjörnum sem Ungmennafélagið Bjarmi stendur fyrir. Eins sækja þrír á grunnskólaaldri frjálsíþróttæfingar á Laugum, Ari og Eyþór Ingólfssynir og Katla María Kristjánsdóttir. Byrjað var að spá í framtíð skógarreitsins í Halldórsstaðaskógi og mun sú vinna halda áfram á árinu 2016.

Fyrir hönd Umf Einingarinnar

Sigurlína Tryggvadóttir

Umf. Geisli

Starfsemi Geisla var með minnsta móti á þessu ári, skipulagðar íþróttæfingar voru ekki á árinu en krakkar í Geisla hafa æft knattspyrnu, sund, frjálsar íþróttir og fleiri greinar með öðrum félögum á svæðinu.

Árni G. Helgason

Ungmennafélag Langnesinga



Þjálfarar, æfingar og keppnir:

Hjá Ungmennafélaginu störfuðu alls 9 þjálfarar í mis langann tíma á árinu 2015 í fótbalta, frjálsum íþróttum (afreksskóli) og leikja- og boltaskóla. Þessir þjálfarar eru Kapitola Jónsdóttir, Almar Marinósson, Bergrún Guðmundsdóttir, Margrét Guðmundsdóttir, Karen Rut Konráðsdóttir, Friðbjörn Bragi, Ásdís Hrönn Viðardóttir, Katrín Arna Kjartansdóttir og Pálmi Þór Ásbergsson.

Fyrirkomulagið á æfingunum á vorönn 2015 var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Þá störfuðu 5 þjálfarar. Kapitola sá um frjálsar íþróttir (afreksskóla) og leikjaskóla í janúar en hætti þá og tók Almar Marinósson við af henni. Hann hætti svo í apríl og tóku þá þær systur við Margrét Guðmundsdóttir og Bergrún Guðmundsdóttir. Ásdís Hrönn Viðarsdóttir sá alfarið um fótboltann. Sumarið 2015 var einnig með svipuðu sniði og síðustu ár. Þá störfuðu 3 þjálfarar, Ásdís Hrönn Viðarsdóttir sá um allann fótbalta og leikja- og boltanámskeið fyrir yngstu iðkendurna og þær Margrét Guðmundsdóttir og Bergrún Guðmundsdóttir sá um frjálsar íþróttir. Einnig fengum við strák frá Húsavík hann Hjörvar til að koma til okkar nokkrum sinnum í sumar og vera með æfingar í frjálsum íþróttum og tókst það mjög vel. Haustönnin 2015 var einnig með hefðbundnu sniði og síðustu ár. Þá störfuðu 5 þjálfarar þau Karen Rut og Friðbjörn Bragi sem sáu um frjálsar íþróttir, Ásdís Hrönn sem sá um fótboltann og seinni part haustannar komu svo Katrín Arna og Pálmi Þór og leystu Ásdísi af í fótboltanum og sáu svo um leikja- og boltaskóla. Í desember var Pálmi Þór svo með örfáar körfuboltaæfingar öllum að kostnaðarlausu. Í desember fengum við líka virkilega góða heimsókn en þá kom Viðar Örn Kjartansson landsliðsmaður í knattspyrnu og var með æfingu fyrir krakkana okkar. KSÍ gaf félaginu veggspjöld af landsliðunum sem hann áritaði svo fyrir krakkana.

Ungmennafélagið á svo fulltrúar í nokkrum nefndum á vegum HSP. Knattspyrnunefnd HSP er alfarið skipuð einstaklingum frá okkur en það eru þau Ásdís Hrönn Viðarsdóttir, Almar Marinósson og Albert Jón Sigurðsson. Þessi nefnd kom með þá tillögu fyrir summarleika HSP árið 2015 af hafa fótboltamót samhliða summarleikunum en því miður tókst það ekki á þessu ári en þessi góða tillaga er í skoðun nú hjá HSP. Einnig er Ránar Jónsson okkar fulltrúi í almenningsíþróttanefnd HSP. Öllu þessu frábæra fólkki þakkar stjórn UMFL kærlega fyrir vel unninn störf í þágu félagsins.

Hvað varðar fjölda og fjölbreytni æfinga þá hefur það verið markmið stjórnar UMFL að hver iðkandi fái 2-3 æfingar í viku og geti átt möguleika á að stunda a.m.k. 2 íþróttagreinar. Stjórnin hefur reynt að passa það að hafa eina hópíþrótt og eina einstaklingsíþrótt í boði. Fótbolti hefur í gegnum tíðina verið fjölmennasta íþróttagreinin hérrna á Þórshöfn en árið 2015 þá má varla milli sjá hvort er vinsælla fótboltinn eða frjálsar íþróttir. Þessi breyting stafar sennilega af því að frábærir árgangar af alhliða góðum íþróttaiðkendum er að koma upp ásamt því að lögð hefur verið meiri áhersla á að efla frjálsar íþróttir t.d. með kaupum á búnaði sem og að fá til liðs við okkur þjálfara með þekkingu á þessu sviði. Fótboltinn er líka á fullri ferð hjá okkur og hefur orðið aukning á mætinu á æfingar hjá eldri iðkendum sem gleður okkur mjög. Við höfum eftir fremsta megni reyna að hafa leikjaskóla fyrir two elstu árgangana í leikskólunum en erfiðlega hefur gengið að fá þjálfara í það.

Keppnir og ferðir voru ekki margar í árinu 2015. Bæði var það vegna lélegrar þátttöku, hætt var við ferðir og einnig var kannski ekki alveg nógum mikið í boði en úr því verður bætt á nýju ári. En

einhverjir einstaklingar fóru á frjálsíþróttamót á Akureyri, sumarleika HSP á Laugum og Selfossi í sumar og náðu þar mjög góðum árangri og nokkrir sem fóru á verðlaunapall. Einnig áttum við nokkra þátttakendur á Unglingalandsmóti UMFÍ á Akureyri um verslunarmannahelgina. UMFL borgaði þáttökugjöld fyrir þessa einstalinga á flestum mótaum í sumar. Hið árlega Ásbyrgismót var einnig haldið og áttum við marga og öfluga þátttakendur þar í öllum greinum. Félagið bar sigurorð á því móti stigalega sem og í þáttöku iðkenda.

Fyrir nokkrum árum síðan var ákveðið að stofna svokallaða Ásbyrgismótanefnd og að hvert félag ætti sinn fulltrúa í henni. Kristinn Lárusson hefur verið okkar fulltrúi síðustu ár og hefur hann staðið sig þar stórvæli. Þökkum við honum fyrir góð störf þar. UMFL styrkir þetta góða móti með peningaupphæð ár hvert.

Annað sem gert var á árinu:

Í janúar voru haldnar æfingabúðir HSP í frjálsum íþróttum á Þórshöfn þar sem mjög góð mæting var af öllu starfssvæði HSP. Æfingabúðirnar gengu mjög vel en UMFL sá um skipulagningu og framkvæmd ásamt fólkni hjá HSP. Aðalþjálfari var magnaði Brói. Rúmlega 40 krakkar tóku þátt á öllum aldri og gistu svo allir í Þórsver þar sem borðaðar voru pitsur og haldin var kvöldvaka. Erum við afar stolt og þakklát fyrir að HSP fól okkur að halda þessar æfingabúðir hér hjá okkur.

Í apríl var haldin frjálsíþróttæfing með Hafdísí Sigurðardóttir á Kópaskeri og fór okkar þjálfari með nokkra krakka þangað ásamt því að UMFL styrkti það verkefni með peningaupphæð.

Í júlí voru viku æfingabúðir á Laugum á vegum HSP þar sem nokkrir áhugasamir krakkar frá okkur fóru og greiddi UMFL helming af þáttökugjaldi fyrir hvern þátttakanda frá okkur.

Kanónámskeið var fyrirhugað að halda fyrir krakka á aldrinum 12 til 16 ára síðastliðið sumar en sökum leiðinda veðurs frestaðist það og datt svo uppfyrir. Bætt verður úr því á nýju ári.

Ungmennafélagið hefur alltaf haft metnað fyrir því að fá til sín fólk sem hefur áhuga og vilja til að taka að sér verkefni á borð við þjálfun. Gaman er að geta þess að á liðnu ári starfaði 1 þjálfari hjá UMFL með B.s. gráðu í íþróttatrafæðum og 1 þjálfari með gráðu í knattspyrnufræðum frá KSÍ.

Ungmennafélagið var með óbreytt æfingagjöld hjá sér á milli ára eða 3000 kr. Ákveðið var að halda systkyna afslættinum áfram þ.e.a.s. þriðja barn, fjórða barn o.s.frv. í fjölskyldu borga ekki æfingagjöld. Ungmennafélagið var með eitt gjald fyrir alla iðkendur á allar þær æfingar sem í boði voru. Iðkandinn gat því tekið þátt í fótbalta og frjálsum íþróttum fyrir eitt gjald á mánuði.

Aðalfundur fyrir árið 2014 var á árinu og var hann haldin 7. mars þar sem ný stjórn var kosin til eins árs. Á árinu 2015 hafa orðið breytingar á stjórninni en hætt hafa í stjórn Hrefna Ýr og Magdalena og þökkum við þeim fyrir sitt innlegg í félagið. Inn í stjórn kom Ránar Jónsson. Höfum við starfað 6 í stjórn seinni hluta ársins.

Hið árlega 1. maí hlaup UMFL var haldið fyrir rest en vegna veðurs varð að fresta því og var það loks haldið 14. maí og var mjög fín þátttaka. Um 45 manns mættu, allir fengu verðlaunapening í þáttökuskyni, ávexti og drykki. Öllum að kostnaðarlausu.

Búnaður sem keyptur var árið 2015 voru tvö fótboltamörk fyrir yngstu iðkendurna, varningur til þrek og frjálsíþróttaiðkunar og er þetta góð viðbót við allann þann flotta búnað sem félagið á. Stjórn félagsins létt smíða kúluvarpshring fyrir félagið og einnig gekk stjórnin í það að láta laga og færa langstöksgrifjuna. Keyptir voru góðir vind- og vatnsheldir jakkar fyrir þjálfara yfir sumartímann. KSÍ gaf félaginu fótbalta að gjöf.

Tvær UMFL gallapantanir voru gerðar á árinu þar sem UMFL greiddi hvern galla niður um 1500kr. fyrir krakkana og voru gallarnir seldir á kostnarverði til fullorðinna.

Á árinu voru hefðbundnar fjáraflanir eins og söluferð með wc pappír, eldhúspappír og rækjur, dósatalningar, vöratalning og fleira.

5 einstaklingar fóru fyrir félagið á Ársþing HSþ í Skúlagarði en það voru Valgerður, Sölvi Steinn, Ránar, Gunnólfur og Bergþóra. Stjórn HSþ hélt svo fund á árinu með okkur í stjórn UMFL og stjórn Snæfaxa hér á Þórshöfn og hélt svo sinn stjórnarfund á eftir. Okkur í stjórn UMFL þótt mjög vænt um að þau skyldu koma til okkar og halda þessa fundi hér og buðum við þeim upp á súpu og brauð.

Við í stjórn UMFL teljum okkur vera að vinna öflugt forvarnarstarf hérra á Þórshöfn með starfi okkar og reynt að koma til móts við sem flesta. Ásamt því sem búið er að telja upp þá hefur ýmislegt annað verið í gangi. Fyrir u.b.b tveimur árum síðan gaf félagið Grunnskólanum gjöf og var það búnaður til æfingar á skólahreystigreinum. Stefna félagsins er að halda slíkum gjöfum áfram enda frábært verkefni þar á ferð og þessi búnaður nýtist einnig á okkar æfingum. Nú í haust hófst svo samstarf grunnskólans og UMFL en með því flotta samstarfi geta yngri krakkarnir mætt á æfingar á gæslutíma grunnskólans og verið því búin með allar æfingar fyrir kl. 16 á daginn. Hefur þetta samstarf gengið mjög vel og mikil ánægð að við höfum heyrт. Félagið hefur komið sér upp aðstöðu á gámasvæðinu þar sem við eignum 40 feta gám til að geyma okkar búnað s.s. kerrur og dekk. Á árinu 2015 gekk eitt af stóru markmiðunum okkar upp til margar ára en þá fann stjórn UMFL húsnaði til kaups sem hefur verið á stefnuskrá félagsins síðustu 10 ár. Haldin var kynningarfundur fyrir almenning um málið en gengið verður frá kaupunum á nýju ári. Við í stjórn horfum fram á veginn og sjáum mikil tækifæri þar fyrir félagið. Með þessum væntanlegum húsaupum opnast vonandi margar dyr fyrir okkur í hinum ýmsu verkefnum, hvort sem það tengist fjárlunum, aðbúnaði og geymslu undir okkar söluvarning og búnað og síðast en ekki síst fyrir ýmislegt sem tengist krökkunum okkar.

Í lokin á þessari yfirferð viljum við í stjórn félagsins þakka öllu því góða fólk og okkar styrktaraðilum sem hafa komið með einum eða öðrum hætti að starfsemi félagsins á liðnu ári. Margir góðir hlutir hafa verið gerðir hjá féluginu og höldum við ótrauð áfram. Þótt að mikið og gott starf hafi verið unnið á síðustu árum í íþróttamálum hér á Þórshöfn þá má aldrei slaka á í þeim efnunum heldur horfa alltaf fram á veginn og muna að margar hendur vinna létt verk. Við minnum að samstarf við foreldra er gríðalega mikilvægur þáttur í að geta

haldið úti heilu íþróttafélagi. Foreldrar eru jafn mikilvægir eins og iðkendurnir sjálfir því án foreldra væru engir iðkendur.

Ungmennafélagskveðjur

F/h stjórnar UMFL

Þorsteinn Ægir Egilsson og Valgerður Sæmundsdóttir

Ungmennafélagið Leifur heppni

Árið 2015 byrjaði eins og öll ár hjá okkur á þrettándagleði í Skúlagarði. Eins og undanfarin ár var ákveðið að hafa ekki brennu heldur einungis grímuball seinnipart þrettándans, miðvikudaginn 6. janúar. Skemmtunin var vel sótt og lék Sigurður Tryggvason fyrir dansi. Ungmennafélagið bauð upp á kaffi, te og djús og gestir sáu um að koma með smávegis afganga af smákökum frá jólunum og varð þetta fínasta kaffi.

Ágústa Ágústsdóttir situr áfram sem ritari, Guðríður Baldvinsdóttir situr áfram sem gjaldkeri, og Magnea Dröfn Hlynsdóttir situr áfram sem formaður.

Íþróttæfingar hófust í byrjun júní og voru tvisvar í viku fram að Verslunarmannahelgi. Íþróttæfingar voru mjög vel sóttar allt sumarið og voru þjálfarar mjög ánægðir með iðkenndafjölda. Þjálfarar voru Friðbjörn Bragi Hlynsson og Magnea Dröfn Hlynsdóttir. Ásbyrgismótið sem er helsti viðburður sumarsins hjá Ungmennafélaginu var helgina 10. - 12. júlí og gekk það vel. Síðasta æfingin fyrir Verslunarmannahelgi var örlítið óhefðbundin og fóru allir í sund og leiki undir stjórn þjálfara og fengu ís eftir allt fjörið.

Stjórн Leifs heppna



Lokahóf Leifs heppna sumarið 2015

Tilnefndir til íþróttamanns Héraðssambands Þingeyinga 2015:

Bardagaíþróttamaður HSÞ 2015

Marcin Florczyk

Marcin hefur æft vel á árinu og tók einnig þátt í sínu fyrsta móti, í október síðastliðnum. Marcin lenti þar í flokki með einstaklingum með hærra belti. Í einum bardaganum lenti Marcin á móti dreng sem var með svarta beltið. Marcin er sjálfur með báa beltið og á eftir að taka 4 önnur belta próf áður en hann kemst upp í svart belti. Marcin gerði sér lítið fyrir og vann bardagann með naumindum. Stór glæsilegur árangur.




Bocciamáður HSÞ 2015



Lena Kristín Hermannsdóttir

Lena Kristín kom til liðs við Bocciadeildina fyrir nokkrum árum og hefur síðan æft og spilað fyrir Völsung, tekið virkan þátt í starfinu jafnt á æfingum, keppni og utan vallar. Hún hefur alla tíð stundað æfingar af kappi, áhuga og prúdmennsku, sýnt miklar framfarir og er nú komin í hóp öflugustu liðsmanna deildarinnar og keppti í 3. deild á árinu. Hún lætur sig aldrei vanta á móti eða annað sem boðið er upp á hjá félaginu og keppti m.a. á árinu á Húsavíkurmóti, Norðurlandsmóti, Hængsmóti á Akureyri og Íslandsmótium bæði liða- og einstaklingskeppni. Árið 2015 var gott Bocciaár hjá Lenu Kristínu, hún vann Opna Húsavíkurmótið og hlaut titilinn "Húsavíkurmeistari 2015", og vann til verðlauna á Íslandsmótinu í einstaklingskeppnni með því að hjóta bronsið í 3. deild. Lena Kristín er fyrirmynðar liðsfélagi og félagi sínu Völsungi til mikils sóma og væntum við mikils af henni í framtíðinni.

Bogfimimaður HSþ 2015



Jóhannes Friðrik Tómasson
Bogfimi með sveiboga

Jóhannes stóð sig gríðarvel á árinu. Hann landaði Íslandsmeistaratitli unglings síðasta vor og bætti svo við það í sumar þegar hann varð Landsmótsmeistari í flokki U-18.

Jóhannes vann svo til silfurverðlauna í Íslandsmótinu utanhúss í sama flokki. Hann hefur æft vel undanfarin ár og hefur sannarlega náð að uppskera eftir því þetta árið.

Frjálsíþróttamaður HSþ 2015

Frjálsíþróttaráð HSþ hefur valið **Snæþór Aðalsteinsson** frjálsíþróttamann HSþ 2015 og tilnefnir hann til íþróttamanns HSþ 2015.



Snæþór hefur stundað frjálsíþróttir um nokkurra ára skeið með aðaláherslu á langhlaup hin síðari ár en einnig hefur hann verið virkur í utanvegahlaupum. Á árinu bætti hann árangur sinn í 10 km götuþaupi þegar hann kom annar í mark í Akureyrarhlaupi Íslenskra verðbréfa og Átaks. Einig bætti hann tíma sinn í Jökulsárhlaupi þegar hann hljóp 13 km frá Hljóðaklettum í Ásbyrgi og vann þá vegalengd í þriðja skiptið. Þá sigraði hann Botnsvatnshlaupið á Húsavík.

Snæþór hefur sýnt mjög góða ástund og þrautseigju við æfingar og verið fyrirmund í þeim efnum. Auk þess er hann ávallt hjálpsamur og liðtækur til starfa á frjálsíþróttamótum Frjálsíþróttaráðs HSþ.


HestaÍþróttamaður HSþ 2015



Iðunn Bjarnadóttir

Kea mótaröðin A úrslit í fjórgang og tölti .
Kea mótaröðin 1 sæti í skeiði
Líflandsmót 2015 1 sæti fjórgang , A úrslit
tölt ,
Einarsstaðamót 4 sæti á fímanum 8,39 í
100 m skeiði, besti fími þingeyings á árinu í
þessari grein, og med óformlegri rannsókn
2 besti fími ársins hjá 16 ára eða yngri
keppanda á landinu öllu 2015.
Einarsstaðamót ,úrslit í
unglingaflokk,einkunn 8,28

Knattspyrnumaður HSþ 2015



Hafrún Olgeirs Ólafsdóttir

Hafrún gekk aftur í raðir Völsunga fyrir síðasta tímabil. Þá hafði hún leikið með Þór/KA í efstu deild kvenna í 3 ár. Var þetta mikill fengur fyrir meistaraflokk kvenna. Sumarið 2015 var eitt það besta sem meistaraflokkur kvenna hefur spilað og var Hafrún þar lykilmaður. Liðið komst taplaust í gegnum riðlakeppnina með markatöluna 65-4 en tapaði svo í umspili um sæti í úrvalsdeild. Í Borgunarbikarnum fór liðið í 3 umferð. Hafrún er með mjög góðan leikskilning og mikinn metnað bæði á æfingum og í leikjum. Það smitaði útfrá sér og hafði góð áhrif á leikmannahópinn. Hafrún spilaði bæði á miðjunni og sem sóknarmaður. Hafrún hefur í gegnum tíðina verið mikil markadrottning. Í sumar skoraði hún samtals 25 mörk bæði í Íslandsmótinu og í Borgunarbikarnum. Hafrún er einnig góður félagi innan vallar sem utan. Á lokahófi meistaraflokkanna var Hafrún valin besti leikmaður sumarsins 2015.

Skákmaður HSÞ 2015



Tómas Veigar er því skákmaður HSÞ árið 2015

Tómas Veigar Sigurðarson

Tómas Veigar Sigurðarson tefldi mjög vel á árinu 2015. Tómas varð hraðskákmeistari skákfélagsins Hugins árið 2015 með fáheyrðum yfirburðum, en hann fékk 14 vinninga af 14 mögulegum á því móti.

Þar fyrir utan vann Tómas vinnu sigur á Páskaskákmótinu, Janúarmótinu og

Tómas varð síðan 15 mín skákmeistari Hugins annað árið í röð.

Einnig vann Tómas vinnu sigur á Coca-Cola hraðskákmótí Skákfélags Akureyrar.


Skotfimimaður HSÞ 2015



Gylfi Sigurðsson.

Titilinn hlýtur Gylfi fyrir ötula þátttöku sína í því að auka veg rifflilgreina innan félagsins auk þess hann hefur keppt í ýmsum greinum rifflilgreina með ágætum árangri á árinu.

Sundmaður HSÞ 2015



Sif Heiðarsdóttir.

Sif hefur verið valin þrisvar sinnum sundmaður HSÞ, einnig var hún valin sundmaður Völsungs síðustu 3 ár.

Hún hefur stundað þessa íþrótt síðan á barnsaldri og hefur alltaf staðið sig mjög vel. Sif keppir yfirleitt á öllum mótum sem eru í boði, tekur þátt í æfingabúðum og stendur sig ávallt vel.

Hún er mjög samviskusöm, metnaðargjörn og dugleg og hefur bætt sig mikið á þeim mótum sem hún hefur farið á, í veturn fór Sif á móti á Dalvík og komst á verðlaunapall, þar lenti hún í 2 sæti í 100 m fjórsundi og 4 sæti í 100 m skriðsundi, einnig lenti hún í fyrsta sæti bæði á páskamótinu og 17 júní mótinu en vegna anna í skólanum gat hún ekki tekið þátt í héraðsmóti HSÞ sem fram fór í október síðaliðnum.

Haustið 2014 fór hún í skóla á Akureyri og stundar æfingar með Sundféluginu Óðni þar í bæ, en keppir áfram fyrir Völsung og HSÞ. Einnig hefur Sif komið að þjálfun yngri barna.

Kv.

Valgerður Jósefsdóttir, þjálfari.

Hvatningarverðlaun HSÍ 2015




fimmgangur B úrslit Íslandsmot 3 sæti tölt

Thelma Dögg Tómasdóttir Umf Grani.

Arangur hennar á árinu litur svona út :
Nýjárstöltið 1 sæti
Kea fjórgangur 4 sæti
Kea tölt 1 sæti
Kea fimmgangur 1 sæt
Kea smali 1 sæti
Liflandsmot tölt 1 sæti Fimmgangur 2
sæti
Mót a selfossi 2 sæti tölt
Mót í Mosfellsbæ 3 sæti tölt Íslandsmot

Hvatningarverðlaun HSÍ 2015



Stefán Bogi Aðalsteinsson. Bogfimi + fleiri íþróttir.

Stefán Bogi er gríðarlega öflugur íþróttamaður. Hann er mjög duglegur að æfa og getur náð árangri í nánast hvaða íþrótt sem er. Hann hefur æft bogfimi af kappi í einhvern tíma núna og er alltaf að bæta sig þar. Hann hefur verið duglegur að prófa hinum ýmsu greinar sem boðið hefur verið uppá hérrna hjá Eflingu, s.s. fótbalta, parkour og blak. Stefán Bogi er flott fyrirmund og á eftir að verða góður íþróttamaður ef hann heldur áfram á sömu braut.

UMFÍ fréttir 2015

Unglingalandsmót UMFÍ á Akureyri

18. Unglingalandsmót UMFÍ var haldið á Akureyri og var metþátttaka í mótinu að þessu sinni. Keppnisgreinarnar hafa aldrei verið fleiri eða alls 27 talsins. Afþreyingarþáttur mótsins var mjög fjölbreyttur og þar komu fram fleiri listamenn en nokkru sinni áður. Dagskrá var í tjaldi mótsins á kvöldin auk þess sem fjölbreytt dagskrá var allan daginn um allan bæ og á móttssvæðum. Mótssetningin var hefðbundin og fór fram á Þórvellinum. Keppendur gengu inn fylktu liði með fána sína og í kjölfarið var hátiðarfáni UMFÍ dreginn að húni og ungar iðkendur kveiktu landsmótseldinn. Einnig voru tónlistaratriði og fimleikasýning á setningunni sem tókst með ágætum. Mótsslitin fóru fram á sunnudagskvöldið og var dagskráin sameiginleg með hátiðinni Ein með öllu sem var á Akureyri þessa sömu helgi. Fyrirmynndarbíkar UMFÍ að þessu sinni hlaut HSK.

19. Unglingalandsmót UMFÍ verður haldið í Borgarnesi.

Landsmót UMFÍ 50+ á Blönduósi

Mótið hófst föstudaginn 26. júní og því lauk sunnudaginn 28. júní. Veðurguðirnir léku við mótghesti alla helgina. 370 keppendur mættu til leiks, 251 karl og 119 konur. Fjölmennasta keppnisgreinin var boccia en 107 einstaklingar tóku þátt í þeirri keppni. Mótssetning var á föstudagskvöldi og fylltu mótghestir Félagsheimilið á Blönduósi. Mjög skemmtileg stemmning myndaðist á setningunni og þar var bæði sungið og dansað. Á mótinu var í samstarfi við Heilbrigðisstofnunina á Blönduósi boðið upp á heilsufarsmælingar sem mæltist vel fyrir. Á laugardagskvöldið safnaðist fjöldi fólks við Blöndu og söng saman við undirleik heimamanna í veðurblíðu. Allt keppnishaldið gekk mjög vel og ánægja skein úr hverju andliti. Umgjörð mótsins var mjög góð og öll dagskráin gekk samkvæmt áætlun.

Ungmenna- og tómstundabúðirnar á Laugum

Starf Ungmenna- og tómstundabúða UMFÍ að Laugum veturni 2014–2015 var viðburðaríkt og skemmtilegt. Nær 2000 nemendur komu á Laugar og almenn ánægja og gleði var með ferðirnar. Utan hefðbundinna skólahópa kom við erlendir skólahópur sem kemur einu sinni á vetrí. Þá standa sóknarprestar á Vesturlandi fyrir árlegum fermingarbúðum sem orðnar eru fastur liður á Laugum. Untg fólk og þjálfarar á vegum Evrópu unga fólksins verkefnisins hafa einnig dvalið á Laugum. Sjálfboðaliðar á vegum Seeds-samtakanna dvöldu á Laugum í tvær vikur sumarið 2015.

Sjálfboðaliðarnir komu frá hinum ýmsu löndum og unnu að því að merkja gönguleiðirnar á Laugum og að byggja upp þrautabraudina í Lillulundi, sem nýtt er af nemendum Ungmennabúðanna og öðrum gestum. Í janúar 2015 fögnuðu Ungmenna- og tómstundabúðirnar tíu ára afmæli. Dagurinn var hátiðlegur og var starfsfólk búðanna snortið yfir hve margir gerðu sér ferð til að fagna afmælinu. Tekin var sú ákvörðun að stefna að frekari útiveru í búðunum með unglungunum og því eru núna fleiri námskeið utandyra og gengið með þeim yfir að Hólum, sveitabæ sem stendur á Fellsströnd. Gangan er um 5 km í heildina og á sveitabænum eru nemendur kynntir fyrir dýrunum sem þar eru. Helgarhópar sækjast í auknum mæli eftir að fá á leigu aðstöðuna á Laugum. Starfsfólk Ungmennabúðanna hefur reynt að mæta þörfum allra hópanna til að aðstaðan nýtist þeim sem best og allir fari sáttir heim.

Stefnumótunarvinna UMFÍ

Á vormánuðum var hafist handa við stefnumótun UMFÍ þar sem skipulagðar og kerfisbundnar aðferðir eru notaðar við að marka stefnuna til framtíðar. Aðferðirnar byggja m.a. á greiningu á

núverandi stöðu, reynt er að greina styrk- leika og veikleika með það að markmiði að styrkja framtíðarstöðu hreyfingarinnar. Hákon Gunnarsson hjá fyrirtækinu Gekon var ráðinn til að hafa yfirumsjón með verkinu. Fyrst var unnið með stjórn og starfsfólk í einni málstofu, en síðar voru stofnaðir sérstakir starfshópar um einstök verkefni og fengnir fleiri aðilar úr hreyfingu til að leggja hönd á plóg. Miklar vonir eru bundnar við afrakstur stefnumótunarvinnunnar. Stefnt er að því á þessu ári að hefjast handa við að hrinda nýjum hugmyndum í framkvæmd og vinna samkvæmt niðurstöðum þessarar stefnumótunarvinnu.

Evrópa unga fólksins

Evrópa unga fólksins er á öðru ári í Erasmusáætluninni sem tók við af fyrri áætlun sem starfaði frá 2007. Með breytingum á úthlutunarreglum í nýrri áætlun varð veruleg fækken umsókna en fjöldinn fór úr 156 umsóknum 2013 í 52 árið 2014. Þar er helsta orsókin sú að ekki er lengur hægt að sækja um styrki til að framkvæma innlend frumkvæðisverkefni ungs fólks en langflestir umsóknir bárust í þann flokk. Árið 2014 nam úthlutun aðeins 82% af því fjármagni sem var til úthlutunar sem þýðir að 12% eða 29.800.000 kr. þarf að skila til baka. En sem komið er hafa félög innan ungmenna félagshreyfingarinnar lítið sem ekkert nýtt sér að sækja um styrki til EUF til að framkvæma verkefni innan sinna raða, eins og til þess að efla félagsstarfið.

UÍA fór sl. haust með hóp til Ungverjalands og tók þátt í ungmannaskiptaverkefni sem styrkt var þar í landi. UMFÍ hefur fengið styrki til ýmissa verkefna og var m.a. með þrjár umsóknir í síðasta umsóknarferli 2014. Ráðstefnan „Ungt fólk og lýðræði“ hefur flest árin verið styrkt af EUF, einnig fékkst styrkur fyrir ungmannaskiptaverkefni sem skipulagt var af ungmannaráði UMFÍ og þriðja verkefnið sem styrkt var, var ferð forystumanna sambandsaðila til Danmerkur s.l. vor.

49. Sambandsþing UMFÍ

49. Sambandsþing UMFÍ var haldið í Vík í Mýrdal dagana 17.-18. október. Á meðal helstu tíðinda þingsins voru formannsskipti en í þingsetningarræðu tilkynnti Helga Guðrún Guðrún Guðjónsdóttir, sem gegnt hafði formennsku í átta ár, að hún gæfi ekki kost á sér. Haukur Valtysson og Kristinn Óskar Grétuson gáfu kost á sér til formennsku og urðu lyktir þær að Haukur var kjörinn formaður. Haukur hafði áður verið í fjögur ár varaformaður hreyfingarinnar. Eins og gengur voru ýmis mál rædd á þinginu og m.a. var samþykkt að vinna áfram að inngöngu íþróttabandalaganna í UMFÍ. Alls tóku 111 þingfulltrúar þátt í kosningum til aðal- og varastjórnar. Eftirtaldir einstaklingar hlutu kosningu í aðalstjórn UMFÍ til næstu tveggja ára: Örn Guðnason, varaformaður, Hrönn Jónsdóttir, ritari, Helga Jóhannesdóttir, gjaldkeri, Ragnheiður Högnadóttir, meðstjórnandi,, Gunnar Gunnarsson, meðstjórnandi, og Björn Grétar Baldursson, meðstjórnandi. Í varastjórn eru Sigurður Óskar Jónsson, Þorgeir Örn Tryggvason, Guðmundur Sigurbergsson og Kristinn Óskar Grétuson.

Hreyfivika UMFÍ

UMFÍ tekur þátt í samevrópskri lýðheilsuherferð sem hefur það að markmiði að kynna kosti þess að taka virkan þátt í hreyfingu og íþróttum reglulega. ISCA-samtökin (International Sport and Culture Association) halda utan um verkefnið í Evrópu. ISCA eru alþjóðleg samtök hinna ýmsu grásrótarsamtaka á svíði íþrótta, almenningsíþrótta og menningar víða í heiminum. Innan samtakanna eru 130 aðildarfélög með yfir 40 milljónir þátttakendur í 65 löndum. Ungmennafélag Íslands er aðili að samtökunum og fylgir verkefninu eftir hérlandis. Meginmarkmið allra grásrótarsamtaka ISCA er að efla samstarf ólíkra hópa með það að markmiði að auka þátttöku almennings í hreyfingu og íþróttum. Framtíðarsýn verkefnisins er að 100 milljónir Evrópubúa verði orðnir virkir í hreyfingu og íþróttum fyrir árið 2020. Á Íslandi tóku yfir 20.000 manns þátt í Hreyfiviku árið 2014 í yfir 300 viðburðum á 45 þéttbýlisstöðum víðs vegar um land. Með þessari góðu þátttöku sýndi Ísland öfluga liðsheild. Yfir 40.000 manns tóku þátt í yfir 470 viðburðum á 55

þéttbýlisstöðum á landinu. Í aðdraganda vikunnar skoraði Norðurþing á Fjallabyggð í sundkeppni og í kjölfarið var fleiri sveitarfélögum boðið að taka þátt. Úr varð að 31 sveitarfélag tekur þátt í sundkeppninni sem er að gamalli fyrirmynnd. UMFÍ horfir á verkefnið sem langhlaup enda er herferðin með langtíma markmið. Aðilar eru því hvattir til að byrja smátt og bæta við á næstu árum í stað þess að fara of bratt af stað. Einfaldir viðburðir hitta oftar en ekki í mark og litlu hlutirnir skipta máli. Að ganga með leikskólabörn á dvalarheimili í nágrenni og slá upp harmonikkuballí eru dæmi um sniðuga viðburði sem hvorki krefjast mikils undirbúnings né kostnaðar en skilja mikið eftir sig fyrir báða aldurstóra. Heilsufarsmælingar, lengdar frímínútur nemenda, opnar íþróttæfingar fyrir foreldra, kynning á nýjum íþróttagreinum, fjallgöngur og hvað eina sem hvetur til hreyfingar og þátttöku fólks kemur til greina. Aðalatriðið er að klæðskerasniða vikuna að samfélagini því þannig náum við saman markmiðinu um aukna hreyfingu og þátttöku fólks. Ungmennafélag Íslands fagnar öllum þeim sem áhuga hafa að taka þátt og breiða út með okkur boðskapinn um mikilvægi hreyfingar fyrir alla. Næsta Hreyfivika UMFÍ stendur yfir dagana 22.-28. maí n.k.

Forvarnadagurinn

Dagurinn er helgaður nokkrum heillaráðum sem geta forðað börnum og unglungum frá fíkniefnum, ráðum sem eiga erindi við allar fjölskyldur í landinu. Forvarnadagurinn er haldin að frumkvæði forseta Íslands í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga, Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, Bandalag íslenskra skáta, Reykjavíkurborg, Háskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík. Verkefnið er stutt af lyfjafyrirtækinu Actavis. Íslenskar rannsóknir sýna að þeir unglungar sem verja minnst klukkustund á dag með fjölskyldum sínum eru síður líklegir til að hefja neyslu fíkniefna. Að sama skapi sýna niðurstöður að mun ólíklegra sé að ungmanni, sem stunda íþróttir og annað skipulagt æskulýðsstarf, falli fyrir fíkniefnum.

Fyrirmýndarskilti

Nýtt veggspjald var útbúið og því dreift meðal sambandsaðila. Veggspjaldið var sett á álplötu, til að hægt væri að hafa það utandyra og sýnilegt sem flestum foreldrum, forráðamönnum og öðru fullorðnu fólk sem sækir íþróttaviðburði barna. Á spjaldinu stendur eftirfarandi: „Við erum öll fyrirmynnd“ og þar stendur einnig: „Hér eru börn að leik“ – „Fullorðnir eiga að hvetja öll börn“ og „Dómarar eru líka fólk“. Verkefnið mæltist mjög vel fyrir enda er full þörf á vinsamlegum áminningum af þessum toga.

Ungt fólk og lýðræði

UMFÍ hefur ávallt lagt áherslu á lýðræðislega þátttöku ungs fólks. Ungmennaráð-stefnan „Ungt fólk og lýðræði“ hefur nú unnið sér sess í stuðningi við þá þátttöku. Dagana 25.-27.mars 2015 var ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðræði haldin í sjötta sinn í Stykkishólmi. Yfirskrift ráðstefnunnar var; „Margur verður af aurum api – réttindi og skyldur ungs fólks á vinnu-markaði“. Ungmennaráð UMFÍ fékk til liðs við sig VR-skóla lífsins en tilgangur skólans er að fræða og upplýsa ungt fólk um réttindi sín og skyldur til að styrkja stöðu þess á vinnumarkaði. Hluti af VR-skóla lífsins var vinnustofur á vegum Dale Carnegie. Að þessu sinni sóttu um áttatíu gestir ráðstefnuna, bæði ungmanni sem starfa í ungmennaráðum víðs vegar um landið og starfsmenn sem sjá um málefni ungmannna í sveitarfélögum. Ungmennaráð UMFÍ hafði veg og vanda af ráðstefnunni sem þótti takast með miklum ágætum enda jafningjafræðsla í hávegum höfð. Næsta ungmennaráðstefna Ungt fólk og lýðræði fer fram á Selfossi dagana 16.-18. mars.

Tóbaksvarnarskilti

Tóbaksvarnaskilið „Leiktu, lifðu og vertu án tóbaks!“ var endurgert og dreift í hreyfingunni. Skiltið var útbúið þannig að það geti verið utandyra jafnt sem innandyra. Skiltið hangir nú við flest

íþróttamannvirki sambandsaðila. Skiltin er hægt að nálgast í Þjónustumiðstöð UMFÍ öllum að kostnaðarlausu.

Gönguverkefni

Ungmennafélag Íslands hefur um áraraðir staðið fyrir lýðheilsuverkefnum sem eiga það sameiginlegt að stuðla að aukinni hreyfingu og samverustundum fjölskyldna. Gönguvefurinn ganga.is er eitt þessara verkefna. Vefurinn hefur að geyma upplýsingar um fjölmargar gönguleiðir um allt land. Einnig er þar að finna ýmsa fróðleiksmola er varða hreyfingu og yfirlit yfir sundstaði, golfvelli og fjallaskála á landinu. Á síðunni gefst einstaklingum tækifæri til að skrá inn þau fjöll sem gengið er á og halda þannig utan um sína eigin hreyfingu allt árið.

Göngubókin – Göngum um Ísland er gefin út í maí ár hvert. Í bókinni er að finna upplýsingar um fjölmargar gönguleiðir víðs vegar um landið sem henta fjölskyldum. Jafnframt er að finna í bókinni ýmsan annan fróðleik um hvað þarf að hafa í huga þegar lagt er af stað í gönguferð. Göngubókinni er dreift á alla helstu ferðamannastaði, sundstaði og í íþróttahús.

Verkefnið Fjölskyldan á fjallið hefur staðið í nokkurn tíma. Í ár tóku fjórtán sambandsaðilar UMFÍ þátt. Verkefnið fer þannig fram að sambandsaðilar UMFÍ tilnefna fjöll í verkefnið ár hvert og sjá sjálfir um að auglýsa göngur á þau. Kössum er komið fyrir á tindum fjallanna með gestabókum sem þátttakendur eru hvattir til að skrifa í. Fjöll, sem eru í verkefninu hverju sinni, eru tilgreind í göngubókinni, Göngum um Ísland.

Æskulýðsvettvangurinn

UMFÍ er eitt aðildarfélaga Æskulýðsvettvangsins (ÆV). Önnur aðildarfélög eru Bandalag íslenskra skáta, KFUM og KFUK á Íslandi og Slysavarnafélagið Landsbjörg. Markmið og tilgangur ÆV er að stuðla að samræðu og samstarfi aðildarfélaganna á svíði leiðtogaþjálfunar, fræðslumála, útbreiðslu og kynningar og á öðrum svíðum eftir því sem þurfa þykir. Jafnframt er það markmið ÆV að tryggja enn betur öryggi og velferð barna og ungmenna innan aðildarfélaga ÆV og treysta stoðir faglegs starfs. Fjölmörg verkefni og tækifæri koma í gegnum ÆV sem standa öllum sambandsaðilum UMFÍ til boða. Má þar nefna siðareglur um samskipti fyrir starfsmenn og sjálfboðaliða sem vinna með börnum og ungmennum og siðareglur um rekstur og ábyrgð fyrir þá sem sitja í stjórnunum og bera ábyrgð í félögum. Aðgerðaáætlun gegn einelti og annarri óæskilegri hegðun, eineltisveggspjald og fræðsluerindi um einelti, forvarnir og úrvinnslu eineltismála. Námskeiðið Verndum þau sem fjallar um hvernig bregðast eigi við grun um ofbeldi og vanrækslu gegn börnum og ungmennum. Námskeið í notkun á handbókunum Kompási og Litla-Kompási og starfsreglur um meðferð kynferðisbrota. Að auki eru tvö ráð á vegum ÆV sem öllum sambandsaðilum UMFÍ er velkomíð að leita til. Annars vegar er fagráð sem hefur það hlutverk að vinna með og leysa mál er tengjast kynferðisbrotum sem framin hafa verið í starfi aðildarfélaga ÆV. Hins vegar er ráðgjafahópur í meðferð eineltismála sem hefur það hlutverk að koma að þrálátum og erfiðum eineltismálum til stuðnings við starfsmenn og foreldra/forráðamenn.

Felix félagskerfi ÍSÍ og UMFÍ

Felix er miðlægt tölvukerfi ÍSÍ og UMFÍ og heldur utan um íþróttaiðkendur á Íslandi. Hlutverk Felix er fyrst og fremst að halda utan um skráningar og íþróttapáttóku landsmanna. Með einum samræmdum grunni geta allir aðilar sem koma að íþróttaiðkun í landinu nálgast sömu gögn sem tryggir að allir hafa réttar upplýsingar í höndunum. Vinna hefur verið í gangi hjá ÍSÍ og UMFÍ um tölvu-kerfið og hefur nefnd verið að störfum um úrbætur á kerfinu. Kerfið fá sambandsaðilar til notkunar endurgjaldslaust og nýtist það til að halda utan um daglega skráningu þátttakenda í íþróttastarfínú. Þjóðskrá kerfisins er uppfærð mánaðarlega sem auðveldar til muna allt utanumhald. Þá er hægt að halda utan um netsföng einstaklinga og senda tölvupóst beint úr kerfinu. Kerfið býður

upp á öfluga aðgangsstýringu sem gerir félögum kleift að aðgangstýra kerfinu. Þannig er t.d. hægt að gefa þjálfurum aðgang til að skrá og uppfæra iðkendur sína og allar breytingar sem gerast miðlægt sem tryggir að alltaf er verið að horfa á réttar upplýsingar.

Skinfaxi

Fjögur tölublöð voru gefin út auk tveggja blaða sem ákveðið var að gefa út í tengslum við Landsmót UMFÍ 50+ á Blönduósi og Unglingalandsmótið á Akureyri. Vinnan við blöðin gekk vel, vandað var til efnistaka og söfnun auglýsinga gekk ágætlega. Nokkrir nýir auglýsendur komu inn og verða áfram með í næstu blöðum. Dreifing á blaðinu fór fram með sama hætti og áður. Langstærsta dreifingin fór í gegnum N1 en blaðið lá frammi á mörgum stöðvum fyrirtækisins vítt og breitt um landið. Önnur hefðbundin dreifing var til áskrifenda, héraðssambanda, félaga, skóla og fjöldið svo einhverjur séu nefndir. Staðið var að sama hætti að dreifingu blaðanna sem gefin voru út fyrir landsmótin. Upplag þeirra var þó stærra og fór í meiri dreifingu en áður hefur tilkast og tókst vel til. Í samvinnu við útgáfunefnd hafa breyttar áherslur hvað varðar efnistök og annað litið dagsins ljós. Lögð verður áhersla á að hafa blaðið líflegt og áhugavert eins og jafnan, með góðu efni úr hreyfingunni

Frjálsíþróttaskólinn

Frjálsíþróttaskóli UMFÍ er ætlaður ungmennum á aldrinum 11–18 ára og stendur yfir í fimm daga. Það eru sambandsaðilar á því svæði sem skólinn er haldinn sem sjá um utanum hald og skipulag skólans og þeir leggja einnig til kennara og aðstoðarmenn til starfa við skólann. Boðið er upp á gistingu og fullt fæði fyrir þáttakendur skólans. Lagt er upp með að fagmenntaðir kennrar sjá um kennsluna á hverjum stað til að tryggja sem best gæði. Auk kennslu í frjálsíþróttum var farið í sund, leiki, óvissuferðir og haldnar voru kvöldvökur svo eitthvað sé nefnt. Skólinn er ákjósanlegur vettvangur til að kynna og breiða út frjálsíþróttir á Íslandi og hefur UMFÍ tekið að sér það hlutverk með þessum skólum að einhverju leyti

Sýndu hvað í þér býr

Námskeiðið „Sýndu hvað í þér býr“ hefur verið vinsælt undanfarin ár. Á námskeiðinu er farið yfir ýmsa þætti er tengjast ræðumennsku, s.s. að taka til máls, framkomu, ræðuflutning, raddiritingu, skipan ræðu o.fl. Einnig er kennt ýmislegt sem viðkemur fundasköpum, m.a. fundareglur, boðun funda, fundskipan, dagskrá funda, umræður, meðferð tillagna, kosningar o.fl. Þáttakendur vinna jafnframt einföld verkefni og fara í ísbrjóta til að brjóta upp námskeiðið. Þáttakendur hafa almennt verið hæstanægðir með námskeiðin og segja þau hafa verið lærðómsrík og skemmtileg. Þeir eru sammála um að hafa lært að verða öruggari í framkomu og ræðuhöldum auk þess sem þeir telja gagnlegt að fá svör við mörgum þeim spurningum sem brenna á um fundarsköp. Auk þess sem þáttakendur læra ræðumennsku og fundarsköp er lögð áhersla á að þeir kynnist vel og eigi auðveldara með að mynda tengslanet með hópeflisleikjum og hópverkefnum hvers konar.

NSU

UMFÍ á aðild að samtökum ungmannafélaga á Norðurlöndunum, „Nordisk samorganisation for ungdomsarbejde – NSU“. Á þeim vettvangi er unnið mikið af sameiginlegum verkefnum sem tengja Norðurlöndin saman. Síðastliðið sumar tóku tuttugu ungmanni þátt í tveim stórum verkefnum sem NSU stóð fyrir. Ungmennavika NSU fór fram í Karpenhøj, skammt frá Århus, dagana 3–8 ágúst sl. UMFÍ átti upphaflega sæti fyrir fimm þáttakendur á aldrinum 15 til 20 ára. Það er skemmt frá að segja að 16 umsóknir bárust og svo fór að tólf ungmanni tóku þátt. Þáttakendur komu viðs vegar af landinu og fararstjóri í ferðinni var Hrönn Jónsdóttir, stjórnarmaður UMFÍ. Yfirskrift vikunnar var Norden redder Jorden Paly 4 the planet. Fjallað var um náttúruna, loftslag á Norðurlöndum í bland við ævintýri og leiðtogaþæfileka ungs fólks.

Leiðtogaskóli NSU fór að þessu sinni fram í Styrn og Vågsøy dagana 10.–16. ágúst sl. UMFÍ átti sæti fyrir fjóra þáttakendur á aldrinum 18–30 ára en þrjú ungmenni tóku þátt, einn strákur og tvær stúlkur. Yfískrift leiðtogaskólans var Moutains & Fjords. Þáttakendur fengu tækifæri til að efla leiðtogaþæfileika sína á fjölbreyttan máta. Skilað var inn umsókn til Nordplus vegna lýðháskólanna og samningur gerður við Højskolenshus í Kaupmannahöfn sem sér um alla lýðháskóla í Danmörku. Tveir skólar hafa heimsótt UMFÍ og haldið kynningar á skólum sínum

EKCYP

Dagana 25.–28. nóvember 2015 sótti landsfulltrúi UMFÍ ráðstefnu á vegum EKCYP (The European Knowledge Centre for Youth Policy) fyrir hönd mennta- og menningarmálaráðuneytisins Ráðstefnan fjallaði um rannsóknir og mikilvægi æskulýðsstarfs fyrir ungmenni í Evrópu. Ráðstefnan var mjög gagnleg og niðurstöður hennar nýtast vel í starfi með Ungmennaráði UMFÍ og þar sem UMFÍ á fulltrúa í Æskulýðsráði ríkisins. Þau fengu tækifæri til að reyna sig í ýmsum aðstæðum, s.s. á fjalli, sjó, jökli, elda mat úti náttúrunni og fleira sem tengist náttúrunni okkar

ISCA

UMFÍ er aðili að ISCA (International Sport and Culture Association) sem eru samtök um almenningsþróttir og menningu hinna ýmsu landa í heiminum. UMFÍ tekur þátt í mörgum verkefnum með samtökunum á hverju ári en helsta verkefni er MOVE WEEK eða Hreyfivika UMFÍ eins og hreyfingin hefur kosið að þýða verkefnið. MOVE WEEK er hluti af stærra verkefni sem fer fram allt árið um kring og nefnist NowWeMove. Landsfulltrúi UMFÍ vinnur náið með yfirfjörutíu öðrum einstaklingum að undirbúningi MOVE WEEK allt árið um kring og sótti m.a. undirbúnings fundi í Búlgaríu í mars.

DGI

Dagana 7.–12. maí 2015 fór hópur ungmennafélaga í heimsókn til systursamtaka UMFÍ, DGI í Danmörku. Ferðin hafði ágætan aðdraganda, en á fundi sem haldinn var fyrir framkvæmdastjóra og forystufólk sambandsaðila UMFÍ í janúar 2014 kom hugmyndin fyrst upp á yfirborðið. Ferðin tókst með miklum ágaetum og hefur sannað gildi sitt hvað best eftir að þáttakendur komu heim, báru saman bækur sínar, mátu eigin verkefni í sínu félagi og sögðu samferðafólki frá upplifun ferðarinnar. Markmiðum ferðarinnar var öllum náð enda sást það vel á niðurstöðum úr hópavinnu og af matsblöðum þáttakenda. Slíkar niðurstöður gefa hreyfingunni okkar tækifæri til að gera starfið enn betra og læra af verkefnum sem þessum. Eitt af meginmarkmiðum ferðarinnar var að efla tengsl þáttakenda enda kom það á daginn að hópurinn var samheldinn og vill hag hreyfingarinnar sem mestan. Dagana 31. júlí – 5. ágúst kom stjórn DGI frá Danmörku í heimsókn. Tilgangur ferðarinnar var að upplifa Unglingalandsmót UMFÍ. Stjórn UMFÍ tók vel á móti gestunum og kynnti þeim land og þjóð. Danirnir voru ákaflega ánægðir með móttökurnar og kynnin af Unglingalandsmótinu.

V4SPORT

UMFÍ tekur þátt í verkefni með V4sport – almenningsþróttasamtökum í Póllandi. V4Sport er aðili að ISCA eins og UMFÍ. Verkefnið miðar að því að kanna stöðu kvenna í stjórnun félaga í þróttahreyfingum í Póllandi og á Íslandi. Verkefnið er rannsóknartengt og það var Svana Hrönn Jóhannsdóttir sem vann að rannsókninni hér á Íslandi sem er hluti af B.S. gráðu hennar í Íþróttatrafæðum við HR. UMFÍ tók á móti rannsakanda frá Póllandi á vormánuðum en fundir vegna verkefnisins fóru fram í Póllandi í byrjun október. Nemandi í HR er um þessar mundir að vinna að sambærilegri rannsókn fyrir tilstuðlan landsfulltrúa og er rann sakanda V4sport innan handar.

Snjóboltinn

Snjóboltinn er verkefni sem Ungmennaráð UMFÍ tekur þátt í með hópi ungmenna frá Milton Keynes College á Bretlandi. Verkefnið er styrkt af Evrópu Unga fólksins og hefur það að markmiði að auka vídd og fjölbreytni í starfi ungmennafélaga. Verkefnið miðast að því að auka leiðtogaþæfileika þeirra sem starfa í ungmennaráði UMFÍ og leita leiða til að fjölga ungu fólk i okkar röðum. Hópurinn frá Bretlandi heimsótti ungmennaráð UMFÍ í apríl sl.

Þjónustumiðstöð UMFÍ

Þjónustumiðstöð Ungmennafélags Íslands er í Sigtúni 42 í Reykjavík. Í þjónustumiðstöðinni er haldið utan um starf UMFÍ og veitt ýmis þjónusta við aðildarfélög og félagsmenn. Þar er einnig aðstaða til fundarhalda sem er nýtt af hinum ýmsu nefndum til nefndarstarfa, funda o.fl.

Ungmennafélag Íslands rekur þjónustumiðstöð að Víðigrund 5 á Sauðárkróki. Ungmennafélag Íslands rekur einnig skrifstofu Evrópu unga fólksins í þjónustumiðstöð UMFÍ í Reykjavík.

Landssamband eldri borgara, Félag áhuga fólks um íþróttir aldraðra, FÁÍA, og FRÆ, Fræðsla og Forvarnir eru einnig með aðsetur í þjónustumiðstöð UMFÍ.

Eldri ungmennafélagar

Samvinna nefndar „eldri ungmennafélaga og FÁÍA – Félag áhugafólks um íþróttir aldraðra – hefur verið mjög náið, enda vinna þessir aðilar að sama markmiði - heilsuefling - hreyfing - gaman - saman. Segja verður að samvinna þessara aðila hafi verði kjölfesta í því starfi sem unnið hefur verið síðustu missiri. Helstu verkefni hafa verið námskeið í ringó, boccía, pútt og síðast og ekki síst í ýmsum dönum. Þá hafa verið haldin dómaranámskeið í boccía, auk þess með við höfum lagt lið við undirbúnинг hinna ýmsu móta. Nú þegar nýr tengiliður á skrifstofu hefur hafið störf, bindum við vonir við að starf nefndarinnar muni eflast. Markmið nefndarinnar er að næsta vor geti UMFÍ og FÁÍA boðið til námskeiðs fyrir þá fjölmörgu sem vinna að því að efla starfsemi eldri ungmennafélaga og félaga eldri borgara um land allt.

Ungmennaráð

Ungmennaráð UMFÍ er skipað níu ungmennum sem koma alls staðar að af landinu. Ráðið fundar einu sinni í mánuði frá september til maí en þess á milli nýtir ráðið samskiptamiðla til hins ýtrasta til skrafs og ráðagerða. Ýmis tilfallandi verkefni koma upp á borð ráðsins, bæði almennt innan æskulýðsmála á Íslandi sem og bein tengsl við ýmis verkefni UMFÍ. Helstu verkefni ráðsins undanfarið hafa verið ráðstefnan Ungt fólk og lýðræði, Snjóboltinn og og skemmtihelgi.

Fréttapunktar frá ÍSÍ



Íþróttabing ÍSÍ

72. Íþróttabing ÍSÍ var haldið í Gullhömrum í Grafarholti dagana 17.-18. apríl 2015.

Lárus L. Blöndal var endurkjörinn forseti ÍSÍ en aðrir í framkvæmdastjórn ÍSÍ eru Helga Steinunn Guðmundsdóttir varaforseti, Sigríður Jónsdóttir ritari, Gunnar Bragason gjaldkeri, Garðar Svansson, Guðmundur Águst Ingvarsson, Gunnlaugur Júlíusson, Hafsteinn Pálsson, Ingi Þór Ágústsson, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir og Örn Andrésson.

Í varastjórn voru kjörin Jón Finnbogason, Lilja Sigurðardóttir og Þórey Edda Elísdóttir.

Heimsóknir forseta ÍSÍ til íþróttahéraða

Í október 2015 heimsóttu Lárus L. Blöndal forseti ÍSÍ, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri ÍSÍ og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri ÍSÍ Héraðssamband Vestfirðinga, Héraðssamband Bolungarvíkur og Héraðssambandið Hrafna-Flóka, skoðuðu íþróttamannvirki og funduðu með fulltrúum íþróttahreyfingarinnar í hverju héraði ásamt fulltrúum frá viðkomandi sveitarfélagi. Fyrirhugað er að heimsækja fleiri íþróttahérud á næstu mánuðum.

Heiðurshöll ÍSÍ

Á Íþróttabingi ÍSÍ í apríl 2015 voru frjálsíþróttamennir Gunnar Huseby og Torfi Bryngeirsson útnefndir í Heiðurshöll ÍSÍ. Gunnar og Torfi eru báðir látnir en fulltrúar úr fjölskyldum þeirra veittu viðurkenningunum viðtöku.

Knattspyrnumaðurinn Ríkharður Jónsson og handknattleikskonan Sigríður Sigurðardóttir voru svo útnefnd í Heiðurshöll ÍSÍ í hófi Íþróttamanns ársins 2015. Alls er búið að útnefna 13 einstaklinga í Heiðurshöllina.

Ferðasjóður íþróttafélaga

Til úthlutunar í Ferðasjóði íþróttafélaga vegna ferða á árinu 2015 voru 82 m.kr. Stuðningur ríkisins vegna ferðakostnaðar íþrótt- og ungmannafélaga á landsvísu hefur haft gríðarlega mikið að segja fyrir alla hreyfinguna. Standa þarf vörð um þetta stóra hagsmunamál hreyfingarinnar og tryggja áframhaldandi framlag ríkisins til sjóðsins. Á Fjárlögum Alþingis 2016 er hækkan um 15 m.kr. og verður þá framlag í sjóinn alls 100 m.kr. Það framlag kemur til úthlutunar í byrjun árs 2017.

Fjármögnun sérsambanda

Árið 2006 var skrifað undir samning við ríkisvaldið um styrkveitingar til sérsambanda ÍSÍ og hafa sérsamböndin fengið árlegt framlag síðan. Sem fyrr er lögð áhersla á að vinna að því að hvert sérsamband fái til framtíðar framlag til að standa undir nauðsynlegrí þjónustu við sambandsaðila með rekstri eigin skrifstofu. Styrkurinn fyrir árið 2015 var 85 m.kr.

Úthlutun styrkja

Ýmsar breytingar voru gerðar á reglugerð Afrekssjóðs ÍSÍ á síðasta ári. Var verið að skerpa á atriðum sem snúa að úthlutun sjóðsins, en allir styrkir Afrekssjóðs ÍSÍ eru veittir til sérsambanda ÍSÍ vegna verkefna landsliðs og/eða einstaklinga. Heildarúthlutun ársins 2015 til sérsambanda ÍSÍ var rúmlega 125 m.kr. en sambærilegar tölur fyrir árið 2014 voru um 106 m.kr. Í desember 2015 var úthlutað styrkjum vegna ársins 2016. Framlag ríkisins á fjárlögum 2016 hækkaði í 100 m.kr. og var því úthlutað 142 m.kr. sem er hæsta úthlutun sjóðsins til þessa.

Íþróttaslysasjóður

Iðkendur og keppendur innan vébanda ÍSÍ geta sótt um endurgreiðslu á hluta af kostnaðarhluta sjúklings vegna lækniskostnaðs og kostnaðs vegna sjúkraþjálfunar vegna slysa sem þeir verða fyrir á æfingum og í keppni á vegum íþróttar- og ungmannafélaga innan ÍSÍ. Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu ÍSÍ.

Ólympíufjölskyldu

Að Ólympíufjölskyldu ÍSÍ standa fyrirtækin Icelandair, Íslandsbanki, Sjóvá og Valitor. Hafa þau öll samþykkt að vera samstarfsaðilar ÍSÍ fram yfir Ólympíuleikana í Ríó árið 2016. Stuðningur fyrirtækjanna er afar mikilvægur en fyrirtækin koma á ýmsan hátt að verkefnum ÍSÍ, bæði almenningsíþróttaverkefnum og afreksíþróttastarfí.

Heimasíða ÍSÍ

Slóðin á heimasíðu ÍSÍ er sem fyrr www.isi.is og er þar að finna ýmsan hagnýtan fróðleik um ÍSÍ og sambandsaðila þess, auk fræðsluefnis af ýmsum toga, fréttu og tilkynninga um viðburði í hreyfingunni. ÍSÍ er einnig á Fésbók, Twitter og Instagram.

Skráningarkerfi ÍSÍ og UMFÍ

Unnið er að gerð nýs skráningarkerfis ÍSÍ og UMFÍ. Fyrsti hluti kerfisins verður tilbúinn til prófunar í byrjun árs 2016.

Forvarnardagur forseta Íslands

ÍSÍ kemur að skipulagningu og framkvæmd Forvarnardagsins sem haldinn er ár hvert að frumkvæði forseta Íslands en með aðkomu ÍSÍ, UMFÍ, Bandalagi íslenskra skáta, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg, Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík.

Fræðsluefni ÍSÍ

ÍSÍ hefur gefið út fræðsluefni um ýmsa þætti sem snúa að íþróttum og íþróttabáttöku. Efnið má nálgast á heimasíðunni og í útprentuðum bæklingum sem nálgast má á skrifstofunni. Á heimasíðunni er einnig að finna annað efni sem snýr að forvörnum, siðareglur, viðbragðsáætlun við óvæntum atburðum og fræðslu tengda Ólympíuhreyfingunni, svo að eitthvað sé nefnt.

ÍSÍ stendur fyrir ýmsum fræðsluviðburðum og ráðstefnum á hverju ári.

Þjálfaramenntun

Fjarnám ÍSÍ í þjálfaramenntun hefur verið afar vinsælt undanfarin ár og er helsta form þjálfaramenntunar ÍSÍ þessi árin. Fjarnám á 1. 2. og 3. stigi hefur verið í boði þrisvar á ári, vorönn, sumarönn og haustönn. Mörg sérsambönd ÍSÍ hafa verið að vinna og skipuleggja sinn þátt í þessum fræðum að undanförnu og eru í auknum mæli farin að bjóða upp á nám í sérgreinaþætti þjálfaramenntunarinnar. Það er mjög jákvætt enda auknar kröfur gerðar af hálfu samfélagsins og þ.m. íþróttafélaga um menntun íþróttajálfara.

Fyrirmyndarfélag ÍSÍ

Fyrirmyndarfélög og fyrirmyndardeildir ÍSÍ eru í dag riflega hundrað. Þar sem mörg félaganna eru stór deildaskipt félög þá er um þriðjungur íþróttaiðkenda að iðka íþróttir innan fyrirmyndarfélaga. Sérsambönd, íþróttabandalög og héraðssambönd eru hvött til að leggja sitt af mörkum til að efla verkefnið og styðja félög sem stefna vilja að þessari gæðaviðurkenningu. Á Íþróttapíngi árið 2015 var samþykkt tillaga þess efnis að íþróttahérud geta nú sótt um viðurkenningu til ÍSÍ fyrir fyrirmyndarstarf. Nú hefur ein umsókn borist ÍSÍ og vitað er af þó nokkrum íþróttahérudum sem eru að vinna að umsókn.

Ólympísk verkefni

Á árinu 2015 sendi ÍSÍ þáttakendur í fjögur ólympísk verkefni; Vetrarólympíuhátið Evrópuæskunnar í Vorarlberg-Liechtenstein og Sumarólympíuhátið Evrópuæskunnar í Tblisi, fyrstu Evrópuleikana sem haldnir voru í Baku í Azerbaijan og á Smáþjóðaleikana sem að þessu sinni voru haldnir á Íslandi. Það var því ekki langt að fara á þann viðburð að þessu sinni. Á árinu 2016 verða tvö ólympísk verkefni; Vetrarólympíuleikar umgenna í Lillehammer í Noregi og Sumarólympíuleikar í Ríó de Janeiro í Brasilíu.

Ólympíudagurinn – árlegur viðburður

Alþjóðlegi Ólympíudagurinn er haldinn hátíðlegur um allan heim 23. júní, ár hvert í tilfefni af stofnu Alþjóða ólympíunefndinni. Markmiðið með deginum er að hreyfa, læra og uppgötva. Að þessu sinni var Ólympíudeginum fagnað með viðburðum í tengslum við Smáþjóðaleikana á Íslandi í júní. Rúmlega 1700 grunnskólabörn komu í Laugardalinn og stóð þeim til boða að horfa á keppni í sundi, borðtennis og skotíþróttum ásamt því að reyna sig í frjálsíþróttum, knattspyrnu, keilu, glímu og skyldingum. Einnig var boðið upp á fræðslu um Smáþjóðaleikana og Ólympíudaginn.

Almenningsíþróttir

Lífshlaupið fór fram í áttunda sinn 4.-24. febrúar 2015. Tæplega 21.000 þáttakendur voru í Lífshlaupinu. Hjólað í vinnuna fór fram í tólfta sinn 6.-26. maí 2015. Þátttaka í hjólað í vinnuna hefur aðeins dregist saman síðustu ár og voru þáttakendur 6824 árið 2015. Verkefnið hefur engu að

síður náð markmiðum sínum, þar sem verkefnið hefur hjálpað til við að breyta lífsstíl fjölda fólks sem nú hjólar í vinnuna allt árið um kring.

Kvennahlaupið fór fram 13. júní 2015. Um 16.000 þátttakendur voru í hlaupinu á 98 stöðum þ.e. 88 stöðum hérlandis og á 10 stöðum erlendis.

Göngum í skólann fór fram 9. september – 7. október 2015. Ný heimasíða verkefnisins var opnuð. Þátttökauakning varð í verkefninu en 76 skólar tóku þátt að þessu sinni. Göngum í skólann er frábært verkefni fyrir grunnskóla til þess að bæta umferðaröryggi við skólana. Um leið og skólar hvetja nemendur til þess að ganga til og frá skóla þá minnkar umferðarþunginn við skóla.

Hjólum í skólann 2015 fór fram 9. -22. september 2015. Verkefnið er fyrir framhaldsskólanemendur.

European Week of Sport 2015 eða Íþróttavika Evrópu fór fram í fyrsta sinn og hafði ÍSÍ umsjón með verkefninu á Íslandi. Verkefnin Göngum í skólann og Hjólum í skólann var hluti af Íþróttavikunni. Markmið verkefnisins var að fá fólk til að huga að sinni daglegu hreyfingu og auka hana eins og kostur er.

Íþróttamiðstöðin í Laugardal

Í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal eru höfuðstöðvar ÍSÍ og sérsambanda ÍSÍ, ásamt ÍBR, UMSK og fyrirtækja íþróttahreyfingarinnar, Íslenskrar getspár og Íslenskra getrauna.

Í Íþróttamiðstöðinni er kaffitería, sem er hjarta miðstöðvarinnar, en þar er einnig góð aðstaða til fundarhalda. ÍSÍ hvetur sambandsaðila sína að heimsækja miðstöðina við tækifæri og kynna sér starfsemina.

Lyfjamál

Alls voru tekin 97 sýni á árinu 2015, þar af 61 sýni í keppni eða um 63%. Lyfjapróf voru tekin í 12 íþróttagreinum. Tvö sýni reyndust jákvæð á árinu. Auk þessara sýna tók Lyfjaeftirlitsnefnd 87 sýni fyrir aðra, þar á meðal á þremur alþjóðlegum móturnum, að Smáþjóðaleikum meðtöldum. Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ stendur fyrir námskeiðum og fjölbreyttri fræðslu í tengslum við málaflokkinn. Frekari upplýsingar um lyfjaeftirlit er að finna á lyfjaeftirlitsvef ÍSÍ, www.lyfjaeftirlit.is.

Starfsskýrslur ÍSÍ

Sambandsaðilar eru minntir á árleg skil starfsskýrslna 15. apríl nk. Búið er að opna fyrir skilin á www.felix.is. Aðstoð er veitt á skrifstofu ÍSÍ vegna skila á starfsskýrslum.

Smáþjóðaleikarnir á Íslandi 2015

Sextándu Smáþjóðaleikarnir voru haldnir á Íslandi 1.-6. júní 2015. Leikarnir tókust afar vel og árangur Íslands á leikunum var frábær. Íslendingar fengu flest verðlaun á leikunum, alls 115 og þar af 38 gull. Sett voru mörg Íslandsmeð og mótsmeð. Frábærlega gekk að fá sjálfboðaliða til verkefnisins, úr öllum landshlutum og er þeirra hlutur í undirbúningi og framkvæmd leikanna ómetanlegur. Um 1200 sjálfboðaliðar störfuðu á leikunum, margir þeirra stóðu vaktina alla vikuna

og sumir hverjir komu til starfa vel fyrir leika. Samstarfsaðilar ÍSÍ um Smáþjóðaleikanna voru mennta- og menningarmálaráðuneytið, Reykjavíkurborg, Íþróttabandalag Reykjavíkur og sérsambond ÍSÍ. Gullsamstarfsaðilar leikanna voru Advania, Askja, Bílaleiga Akureyrar/Europcar, Blue Lagoon, Eimskip, Icelandair, Íslandsbanki, Vífilsfell, Vodafone og ZO-ON.

Íþróttakonur og íþróttamenn ársins 2015

Þann 30. desember 2015 hélt ÍSÍ hóf sitt í Hörpu, þar sem val sérsambanda og íþróttanefnda ÍSÍ á íþróttakonum og íþróttamönum ársins 2015 var tilkynnt. Við sama tækifæri var kjöri Samtaka íþróttarféttamanna á Íþróttamanni ársins 2015 lýst.

Ráð og nefndir HSþ 2015

Frjálsíþróttaráð

Hulda Elín Skarphéðinsdóttir, formaður
Sigrúður Stella Jóhannsdóttir, gjaldkeri
Magnea Dröfn Arnardóttir, ritari
Jóhanna Svava Sigurðardóttir
María Sigurðardóttir

Almenningsíþróttanefnd

Olga Gísladóttir
Ránar Jónsson
Þórir Aðalsteinsson

Knattspyrnunefnd

Ásdís Hrönn Viðarsdóttir, formaður
Almar Marinósson
Albert Jón Hólm Sigurðsson

Íþróttanefnd fullorðinna félagsmanna

Elín Sigurborg Harðardóttir, formaður
Aðalheiður Kjartansdóttir
Vilhelmina Ásdís Kjartansdóttir

Sundnefnd

Elísabet Sigurðardóttir, formaður
Járnbrá Björg Jónsdóttir
Margrét G. Pórhallsdóttir
Árný Björnsdóttir

Sögu- og minjanefnd

Haraldur Bóasson, formaður
Björn Ingólfsson
Arngrímur Geirsson
Jóhanna Sigríður Kristjánsdóttir

Unglingalandsmótsnefnd

Sigurfljóð Sveinbjörnsdóttir
Sigurður Helgi Ólafsson
Hulda Elín Skarphéðinsdóttir